

# VRblaðið

5. tbl. 27. árgangur september 2005



# í þessu blaði...

07 **Launakönnun 2005**

Helstu niðurstöður




14 **Mikil vonbrigði**

Launamurinn óbreyttur milli ára

17 **Ábyrgð á heimili**

Hver ber ábyrgð á heimili og börnum?

20 **Námskeið og fyrirlestrar  
í vetur**



22 **Viltu verða fagmaður**

Kynning á verslunarfagnámi í VÍ


25 **Lifum við til að vinna  
eða vinnum við til að lifa?**

Oddný Sturludóttir spjallar við  
ungt fólk



32 **Orlofsíbúðir í Sykkishólmi**

Nýr valkostur fyrir félagsmenn



---

**Verzlunarmannafélag Reykjavíkur**

Húsi verslunarinnar  
Kringlunni 7, 103 Reykjavík  
sími 510 1700  
vr@vr.is  
www.vr.is



# LEIÐARI Jafnréttið í forgang

Nú eru liðin rúm fjörutíu ár frá því að tekið var á launamuni kynja í kjarasamningum og lögum. Ekki voru gerðar launakannanir fyrir þann tíma en kynin unnu samkvæmt sitt hvorum launataxtanum. Skv. þeim voru karlar með meira en 50% hærri laun en konur. Við höfum því komið miklu í verk, kynbundinn launamunur er nú 14%. Það hefur tekið áratuga baráttu að ná þessum árangri.

Ef við skoðum launahækkanir verslunarmanna sjáum við að við höfum hækkað taxtana um 390.000% frá 1955. Þetta hefur skilað tæplega 93% kaupmáttaraukningu á tímabilinu þegar verðbólga hefur verið tekin frá, eða um 1,32% á ári að meðaltali. Stór hluti af kaupmáttaraukningu kvenna hefur orðið til á síðustu árum og því virðast konur nálgast karla með auknum hraða. Konur hafa fengið tæplega 70% meiri kaupmáttaraukningu en karlar á síðustu fjórum áratugum, það ætti því að taka þær um 65 ár að jafna muninn. Árið 2025 ættu því launin að vera jöfn, miðað við þessar forsendur.

Laun hafa ávallt verið greidd eftir afköstum eða arðsemi vinnunnar og svo mun verða um ókomna tíð. Hinsvegar er mjög erfitt að meta vinnuframlag í mörgum störfum t.d. umönnun ólíkt sjómennskunni þar sem verðmæti veiðiferðar liggur fyrir fljóttlega eftir heimkomu. Eðli atvinnurekstrar er að greiða sem lægst verð fyrir aðföng en að fá sem

hæst verð fyrir afurðir. Atvinnurekendur greiða því aldrei hærri laun en þeir komast upp með.

Stéttarfélög reyna með kjarasamningum að leiðréttu ósanngjarnar skekkjur eða markaðsbresti vegna þessarra þátta. Staða einstakra stéttarfélaga er mismunandi eftir atvinnugreinum, stéttarfélög verslunarmana búa í meira eða minna mæli við markaðslaunakerfi. 23.000 félagsmenn VR vinna hjá rúmlega 4.000 vinnuveitendum. Aðrir einsleitari hópar með eða fáa vinnuveitendur geta enn gert kjarasamninga sem ná til raunlauna allra.

Við í VR höfum sett afnám launamunar kynjanna í forgang. Við teljum nauðsynlegt að líta raunsætt á verkefnið og vinna á sem flestum þáttum málsins í einu, s.s. að hækka lágmarkslaunataxta, taka upp ákvæði um markaðslaun í kjarasamningum og beita áróðri. Þessi baráttu hefur auglýslega skilað VR konum árangri. En við viljum leggja okkar af mörkum til að jöfnuður náiist sem allra fyrst. Þess vegna er jafnrétti kynjanna þema VR í ár og höfum við nú hafið viðamikla auglýsingaherferð til höfuðs ójafnréttinu. ■



gpp



# Sigurvegarar í Golfmóti VR

## Stærsta opna golfmót sumarsins

Frábær þátttaka var í Opna VR mótinu sem haldið var í Grafarholti laugardaginn 30. júlí. Alls mættu 184 kylfingar til leiks. Ræst var út frá kl. 7.00 til 15:00. Glæsileg verðlaun voru í boði, m.a. utanlandsferðir fyrir two til Evrópu. Gísli Rúnar Eiríksson frá GS sigraði í punktakeppni og fékk 43 punkta, Sigmundur Einar Másson GKG sigraði í höggleik með 71 högg og Berglind Björnsdóttir hlaut flesta punkta kvenna eða 39. Athygli vekur að Berglind er aðeins 13 ára gömul en hún hefur tvívegis orðið íslandsmeistari í yngsta aldursflokki stúlkna. Það verður spennandi að fylgjast með henni í framtíðinni.



**Úrslit mótsins  
eru sem hér segir:**

**Sigurvegarar í punktakeppni:**

1. Gísli Rúnar Eiríksson GS 43 punktar.
2. Jóhannes Ragnar Ólafsson GR 42 punktar
3. Hans Henttinen GR 42 punktar

**Sigurvegarar í höggleik:**

1. Sigmundur Einar Másson GKG 71 högg
2. Björn Þór Hilmarsson GR 71 högg
3. Haraldur Hilmir Heimisson GR 72 högg

**Flestir punktar kvenna:**

Berglind Björnsdóttir GR 39 punktar

**Nándarverðlaun:**

2. braut - Fannar Jónsson GK 2,64 metrar
6. braut - David Barnwell GR 0,53 cm
11. braut - David Barnwell GR 4,24 metrar
17. braut - Jón Árnason GR 5,83 metrar



## FÉLAGSMÁL

# Morgunfundir

## Komdu í morgunkaffi hjá VR

Morgunfundir svokölluðu þar sem forsvarsmenn VR hitta félagsmenn í morgunkaffi til skrafs og ráðagerða um félagsstarfið eru hafnir aftur eftir sumarfrí. Fundirnir eru í húsnæði VR á 0. hæð og eru frá kl. 8:30 til kl. 10:00. Á hvern fund eru boðaðir 15-20 félagsmenn og eru þeir valdir handahófskennt úr félagaskrá. Félagsmenn geta einnig skráð sig sjálfir á fundina með því að hringja í þjónustuver VR.

Fundirnir hafa skapað sér sess í starfseminni, bæði eru þeir nauðsynlegir fyrir stjórnendur félagsins sem þarna fá að heyra hvað brennur á hjá félagsmönnum og góður vettvangur fyrir félagsmenn að fræðast og láta í ljósi skoðanir sínar á starfinu. Félagsmennirnir fá með þessu tækifæri til að koma að þróun VR en félagið leitast við að breytast ört í takt við þarfir félagsmannanna hverju sinni.

Nánari upplýsingar eru á [www.vr.is](http://www.vr.is) og skráning er í þjónustuveri, sími 510 1700.

### Morgunfundir á haustönn:

15., 16., 22., 23., 29. og 30. september

6., 13., 14., 27. og 28. október

3., 4., 10., 17., 18., 24. og 25. nóvember

1., 2., 8. og 9. desember

## Líf og fjör í húsdýragarðinum



Á áttunda þúsund félagsmenn og aðrir gestir skemmtu sér vel í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum 1. ágúst, á frídegi verslunarmanna, en VR bauð til fjölskylduskemmtunar í garðinum.

Fólk lét stöku dropa úr lofti ekki stöðva sig og ungir sem aldnir skemmtu sér konunglega. VR hefur nú boðið félagsmönnum sínum og íbúum á höfuðborgarsvæðinu í garðinn á þessum hátíðisdegi verslunarmanna á hverju ári í tæpan áratug.


Fimm

# Ávinningsar af því að vera í VR



## Starfsmenntastyrkir

Þú átt möguleika á starfsmenntastyrk sem nemur 50% af námskeiðskostnaði. Stigaeign ræður þó styrkupphæð hverju sinni.



## Hádegisfyrirlestrar


Boðið er upp á hádegis fyrirlestra reglulega yfir veturinn þar sem valdir sérfraeðingar fjalla um fjölbreytt málefni tengd vinnumarkaði.

## Launaviðtalið

Þú átt rétt á launaviðtali árlega. Í samvinnu við HR og Mími-símennt verða haldin námskeið til undirbúnings fyrir launaviðtalið.

## Tómstundastyrkir

Þú átt möguleika á styrk vegna tómstundanámskeiðs sem nemur 50% af námskeiðskostnaði.



## Morgunfundir

Morgunfundir VR eru góður vettvangur fyrir félagsmenn að fræðast og láta í ljósi skoðanir sínar á starfinu.

Allar nánari upplýsingar eru annarsstaðar í blaðinu, á vefsíðu VR [www.vr.is](http://www.vr.is) og í síma 510 1700

Fyrirspurnir um fræðslumál má senda á [styrkir@vr.is](mailto:styrkir@vr.is) og [namskeid@vr.is](mailto:namskeid@vr.is)

# Launakönnun 2005



Þátttaka í launakönnun VR árið 2005 var sú mesta frá því félagið hóf að kanna launakjör félagsmanna sinna árið 1996 en alls tóku 8.390 manns þátt. Það er 52% aukning frá árinu 2004 og 97% aukning frá árinu 2003.

Niðurstöðurnar í ár sýna að heildarlauun félagsmanna haða hækkað um 10% frá því í fyrra og grunnlauun um 11%. Þetta er nokkuð meira en almennt gerðist á vinnumarkaði, launavísitala Hagstofunnar hækkaði um 6,7% á viðmiðunartímanum. Á tímabilinu voru samningsbundnar hækkanir 6,25%, samkvæmt samningi VR og SA en langstærstur hluti félagsmanna tekur laun eftir þeim samningi.

Á næstu síðum er nánar fjallað um niðurstöður könnunarinnar og birtar töflur yfir meðallaun eftir starfsstétt og breytingar á milli áranna 2004 og 2005. Á heimasíðu VR, [www.vr.is](http://www.vr.is), er ítarlegri umfjöllun og er þar hægt að sjá laun eftir starfsstétt, atvinnugrein og bakgrunnsþáttum.

# Launaniðurstöður

## Helstu launaniðurstöður

- Heildarlaun hækkuðu um 10% á milli 2004 og 2005, úr 273 þúsund á mánuði að meðaltali í 300 þúsund. Þetta er ívið meira en almennt á vinnumarkaði, launavísitala Hagstofunnar hækkaði um 6,7% frá febrúar árið 2004 til sama mánaðar á þessu ári.
- Forstöðumenn og sviðsstjórar eru launahæstir með 443 þúsund á mánuði að meðaltali og afgreiðslufolk á kassa lægst, 161 þúsund.
- Mesta hækkun heildarlauna var hjá sérhæfðu starfsfólki í trygginga- og tjónauppgjörum eða 19%.
- Heildarlaun starfsfólks í almennum sölustörfum og vaktstjóra í verslun lækkuðu um 2% á milli ára. Afgreiðslufolk hækkaði mest á milli ára í fyrra en þá lækkuðu hærri stjórndur.
- Hæstu launin eru greidd í fjarskipta- og tölvufyrirtækjum, heildarlaun á mánuði eru 341 þúsund að meðaltali. Lægstu launin greiða verslanir með lyf-, hjúkrunar- og snyrtivörur, 235 þúsund að meðaltali.


Heildarlaun eftir atvinnugrein, meðaltal í þús. kr.



## Aðrar niðurstöður helstar

- Mun fleiri eru sáttir við launin sín í ár en í fyrra eða 51% á móti 40%. Einn af hverjum fjórum er ósáttur í ár á móti einum af hverjum þremur í fyrra.
- 65% fólks finnst hæfni sín á vinnumarkaði hafa aukist á milli ára. Þeir yngri eru jákvæðari hvað þetta varðar en þeir eldri. Einnig er munur eftir kynum. 67% karla segja hæfni sína hafa aukist en 64% kvenna.
- Vinnutíminn er óbreyttur á milli ára, 45 klst. að meðaltali á viku. Karlar vinna nær 5 klst. lengur á viku en konur og er það einnig sambærilegt og í fyrra.
- Vinnuvika stjórnenda og sérfræðinga er lengst, 47 klst. að meðaltali. Vinnuvikan er lengst í verslun þegar litið er til atvinnugreina, tæplega 48 klst. að meðaltali.
- Þeir sem fóru í launaviðtal í fyrra eru að meðaltali með 4% hærri laun en þeir sem ekki fóru í viðtal.

Hlutall þeirra sem telja að hæfni þeirra á vinnumarkaði hafi batnað milli ára




## LAUNAKÖNNUN 2005

# Fjarvinna er orðin algengari

28% vinna fjarvinnu í ár á móti 23% í fyrra. Tíminn í fjarvinnu hefur hins vegar styrt úr 10 klst. á viku að meðaltali í fyrra í tæplega 7 klst. í ár. Kyn skiptir máli, karlar vinna frekar fjarvinnu en konur, 34% á móti 22%. Fjarvinna verður algengari með aukinni menntun. 47% þeirra sem hafa lokið BA eða BS prófi og 59% þeirra sem hafa lokið

masters- eða doktorsprófi vinna fjarvinnu á móti 12 - 17% hjá þeim sem hafa hætt formlegu námi eftir framhaldsskóla eða fyrr. Stjórnendur og sérfræðingar standa uppúr þegar litið er til starfsstéttu, 49% þeirra vinna fjarvinnu en sú stétt sem kemst næst er sérhæft starfsfólk með 16%.



## Hlunnindi aukast

Verulega aukning hefur verið á hlunnindagreiðslum á milli ára, að meðaltali fá 70% þáttakenda einhvers konar hlunnindi sem hluta launakjara í ár á móti 43% árið 2004.

- 34% fá styrk fyrir líkamsrækt, 28% fá gsm síma, 24% fá greiddan símakostnað og 19% fá afslætti af ýmsu tagi svo eitthvað sé nefnt.\*
- Launaviðtal hefur mikið að segja hvað hlunnindi varðar, 78% þeirra sem fóru í launaviðtal á síðasta ári fá einhvers konar hlunnindi en 68% þeirra sem ekki fóru í launaviðtal.
- Karlar fá frekar hlunnindi en konur, 75% á móti 66%. Þessi munur er þó minni en á síðasta ári en þá fengu 52% karla hlunnindi á móti 37% kvenna. Karlar fá t.d. mun frekar gsm síma, tölvu og tölvutengingu heim en konur.
- 82% stjórnenda fá hlunnindi, 58% skrifstofufólks og 64% sölu- og afgreiðslufólks.
- 76% starfsmanna fyrirtækja í sérhæfðri þjónustu og fjármálageiranum eru með hlunnindi og 74% starfsmanna í samgöngu-, flutninga- og ferðaþjónustu.
- 78% starfsmanna fyrirtækja með 100 starfsmenn eða fleiri fá hlunnindi sem hluta launakjara en 58% starfsmanna í fyrirtækjum þar sem vinna færri en 10.

\*Hægt var að nefna fleiri en eitt atriði.

## Launaviðtal

Ríflæga helmingur svarenda fór í launaviðtal á síðasta ári eða 53% á móti 49% árið 2004. Aukningin er meiri hjá körlum en konum, fór úr 48% árið 2004 í 54% í ár.

- 70% þeirra sem fóru í launaviðtal segja að það hafi orðið breyting til hins betra í kjörum þeirra eftir viðtalið. Breytingar til hins betra eru algengari hjá þeim sem notuðu launakönnun VR, 76% á móti 67%.
- Þeir sem fóru í launaviðtal eru að meðaltali með 4% hærri laun en þeir sem ekki fóru í launaviðtal eða 303 þúsund krónur í heildarlaun á mánuði á móti 290 þúsund.
- Hlunnindi eru algengari hjá þeim sem fóru í launaviðtal en hinna, en ekki virðist mikill munur á því hvaða hlunnindi um er að ræða.
- Starfsfólk á aldrinum 25-35 ára fer frekar í launaviðtal en eldri og yngri starfsmenn.
- Stærð fyrirtækis hefur áhrif þegar kemur að launaviðtali, 58% starfsmanna í fyrirtækjum með 20 eða fleiri starfsmenn fórú viðtal á síðasta ári á móti 38% starfsmanna í fyrirtækjum þar sem vinna færri en 10 manns.
- Þegar litið er til atvinnugreina kemur í ljós að einungis 44% starfsmanna í verslun og þjónustu fór í launaviðtal á síðasta ári en 63% hjá fyrirtækjum í fjármálageiranum og sérhæfðri þjónustu.

## LAUNAKÖNNUN 2005

# Hver eru launin 2005?

Meðallaun allra svarenda eftir starfsstétt og kyni

	Heildarlaun í þúsundum kr.				Grunnlaun í þúsundum kr.				Meðaltal heildarlauna eftir kyni		
	Medaltal	Launadreifing			Medaltal	Launadreifing			Karlar	Konur	Fjöldi
		25% mörk	Miðgildi	75% mörk		25% mörk	Miðgildi	75% mörk			
Alls	300	225	280	350	273	206	258	320	340	273	4982
<b>Stjórnendur og sérfræðingar</b>	<b>365</b>	<b>295</b>	<b>350</b>	<b>420</b>	<b>334</b>	<b>268</b>	<b>324</b>	<b>385</b>	<b>389</b>	<b>337</b>	<b>2046</b>
Forstjórar/önnur hærri stjórnunarstörf	429	320	410	523	401	298	390	480	455	377	89
Forstöðumenn/sviðsstjórar	443	341	420	538	408	304	400	492	462	413	120
Deildarstjórar	368	300	350	440	339	270	326	400	394	343	210
Fjármálastjórar	369	300	357	428	349	283	347	400	405	353	75
Markaðsstjórar	403	330	400	452	378	312	367	431	409	390	70
Sölu- og starfsmannastjórar	387	319	375	450	352	300	350	407	390	379	183
Verslunarstjórar	313	264	309	364	281	233	284	330	333	278	153
Skrifstofustjórar	335	265	322	386	316	255	313	363	412	315	119
Innkaupastjórar	341	264	330	390	321	260	320	355	375	298	79
Verkstjórar	311	260	308	338	270	223	260	318	328	251	65
Þjónustustjórar	301	258	302	350	281	254	284	316	317	294	61
Svæðisstjórar	287	202	260	363	260	191	228	350	344	207	31
Önnur stjórnunarstörf	323	255	310	372	296	240	298	340	338	308	142
Tölvunarfræðingar	380	320	360	410	350	309	345	380	384	368	103
Kerfisfræðingar	402	344	391	437	364	309	360	404	408	376	126
Hag- og viðsk.fr./endurskoðendur	384	308	352	430	332	274	320	370	417	365	177
Verkfraðingar og arkitektar	355	280	330	430	327	270	321	359	395	312	31
Sál-, mann-, stjórn.-, fél.- eða uppledísfr.	343	304	334	402	333	304	325	387	363	324	14
Efna-, eðlis-, líf- og/eða matvælafræðingar	303	260	308	338	300	260	308	338	304	302	17
Upplfulltr., alm.tengsla- eða fjölm.fræð.	358	317	353	420	352	301	353	420	-	353	17
Lögfræðingar	372	336	389	411	343	303	367	400	383	363	14
Ráðgjafar með háskólapróf	378	307	360	417	341	290	348	391	419	342	56
Aðrir háskólamenntaðir sérfræðingar	347	285	323	390	315	267	300	355	376	338	94
<b>Sérhæft starfsfólk og tæknar</b>	<b>271</b>	<b>220</b>	<b>258</b>	<b>303</b>	<b>251</b>	<b>210</b>	<b>245</b>	<b>285</b>	<b>319</b>	<b>258</b>	<b>1300</b>
Bókhaldsfulltrúar (meiri ábyrgð)	290	254	286	315	272	236	267	300	342	286	242
Bókhaldsfulltrúar (minni ábyrgð)	232	200	227	258	222	189	216	247	-	232	116
Fjármálafulltrúar	286	253	269	327	269	219	257	319	317	272	29
Launafulltrúar	302	244	295	328	280	242	273	321	-	302	49
Innheimtufulltrúar	254	215	250	279	245	211	247	270	290	250	109
Markaðsfulltrúar	309	250	288	343	285	245	274	320	341	291	54
Innkaupafulltrúar	295	244	272	335	272	231	260	302	335	259	61
Þjónustufulltrúar	238	206	230	260	223	196	217	243	270	229	176
Fulltrúar	267	231	263	293	257	225	244	288	328	256	48
Tækniteiknarar	250	202	241	287	224	191	220	251	-	251	26
Umbrot og/eða grafík	290	226	277	342	267	218	259	300	303	266	36
Vefsíðugerð eða -umsjón	267	230	246	305	261	230	246	302	255	-	14
Ferðafræðingar (háskólamenntaðir)	239	208	237	266	223	199	214	250	-	238	16
Ferðafræðingar (IATA próf)	234	200	219	258	213	190	210	234	-	232	59
Sérhæfing við tryggingar/tryggingaráðgi.	375	290	327	432	300	254	294	327	399	348	47
Tjónauppgjör	316	246	289	387	266	236	257	280	357	263	24
Lyfjatæknar	227	189	226	258	210	179	198	240	-	227	29
Annað sérhæft starfsfólk	276	213	262	320	251	200	240	295	312	247	165

## Meðallaun allra swarenda eftir starfsstétt og kyni , frh.

	Meðaltal	Heildarluna í þúsundum kr.				Grunnarluna í þúsundum kr.				Meðaltal heildarluna eftir kyni		
		Launadreifing				Launadreifing				Karlar	Konur	Fjöldi
		25%	mörk	Miðgildi	75%	25%	mörk	Miðgildi	75%			
Alls	<b>300</b>	<b>225</b>	<b>280</b>	<b>350</b>		<b>273</b>	<b>206</b>	<b>258</b>	<b>320</b>	<b>340</b>	<b>273</b>	<b>4982</b>
<b>Skrifstofufólk</b>	<b>249</b>	<b>202</b>	<b>240</b>	<b>286</b>		<b>232</b>	<b>197</b>	<b>224</b>	<b>262</b>	<b>278</b>	<b>246</b>	<b>320</b>
Umsjón með skrifstofu	270	222	270	306		256	215	250	297	283	266	61
Læknaritarar	217	186	208	250		210	185	208	225	-	217	11
Almennir ritarar	228	185	221	256		215	180	212	241	-	229	74
Önnur almenn skrifstofustörf	254	206	240	286		232	200	223	260	295	249	174
<b>Skrifstofufólk við afgreiðslu</b>	<b>223</b>	<b>183</b>	<b>214</b>	<b>249</b>		<b>202</b>	<b>173</b>	<b>192</b>	<b>233</b>	<b>262</b>	<b>219</b>	<b>205</b>
Gjaldkerar/innheimtustarf	254	220	248	283		235	206	237	261	-	251	59
Símanarsla	205	175	190	231		185	163	179	200	-	201	69
Gestamóttaka	202	173	199	227		169	130	173	184	206	198	21
Önnur skrifstofustörf við afgreiðslu	219	185	207	239		200	177	193	220	267	214	56
<b>Sölu- og afgreiðslufólk</b>	<b>254</b>	<b>194</b>	<b>244</b>	<b>300</b>		<b>221</b>	<b>173</b>	<b>213</b>	<b>260</b>	<b>292</b>	<b>217</b>	<b>752</b>
Tölvusalar	257	210	232	315		243	180	220	315	259	-	19
Bilasalar	393	280	348	520		268	230	269	300	401	-	35
Sala í ferðaþjónustu	211	188	207	224		189	156	195	213	-	211	30
Önnur sérhæfð sölustörf	274	220	270	317		242	190	235	280	302	242	173
Sölufulltrúar	277	230	270	315		245	206	244	280	296	246	244
Afgreiðsla á matvöru (t.d. í kjötborði)	219	177	221	270		197	160	176	244	241	181	19
Afgreiðsla á sérvöru (t.d. fót eða leikflöng)	194	156	179	221		175	143	170	196	243	183	82
Afgreiðsla á kassa	161	136	149	174		143	128	137	165	-	161	16
Almenn sölustörf í verslun	215	179	210	241		188	155	180	212	241	195	117
Vaktsjórar í verslun	202	176	206	231		165	117	169	200	-	195	17
<b>Gæslu-, lager- og framleiðslustörf</b>	<b>221</b>	<b>182</b>	<b>216</b>	<b>250</b>		<b>189</b>	<b>158</b>	<b>182</b>	<b>215</b>	<b>230</b>	<b>201</b>	<b>359</b>
Öryggis- og húsvarsla	220	175	198	248		188	143	179	230	223	-	24
Ræstingar og þrif	185	139	160	245		180	130	160	245	-	179	11
Framleiðsla eða pökkuun	201	176	196	236		164	137	170	185	201	201	28
Matráðskonur, matsveinar, matartækna	212	173	200	235		197	163	188	200	-	203	29
Lagerstörf	224	185	220	255		190	160	185	219	229	202	201
Útkeyrsla	231	194	225	250		191	161	182	224	234	213	48
Bifreiðastjórar/bilstjórar (ekki við útkeyrslu)	243	221	237	282		192	129	190	227	242	-	18

IMG Gallup sá um framkvæmd launakönnunar VR árið 2005 eins og árið 2004. Könnunin var gerð 26. janúar til 31. mars og náði til félagsmanna sem höfðu greitt lágmarksfélagsjáld á 12 mánaða tímabili, frá október 2003 til september 2004. Alls bárust svör frá 8.390 af þeim 16.638 manns sem fengu sendan lista eða haft var samband við. Stór hluti svara barst á netinu eða 65%. Svarhlutfall var 50% sem er 52% meira en árið 2004. Mikilvægt er að hafa í huga að þetta er svörun úr heildarhópi eða þýði því allir félagsmenn VR, að uppfylltum framangreindum skilyrðum, höfðu möguleika að taka þátt. Í almennri úrvinnslu voru notuð öll svör sem bárust en við úrvinnslu á launaupplýsingum voru í flestum tilfellum notuð svör þeirra sem voru í

70% starfshlutfalli eða hærra, alls 6.656 félagsmenn. Við úrvinnslu á fjölda vinnustunda á viku og í aðhvarfsgreiningu á kynbundnum launamun voru einungis notuð svör félagsmanna í fullu starfi, alls 6.044. Nánar á heimasíðu VR, [www.vr.is](http://www.vr.is)

### Lesið úr töflunum

Niðurstöður könnunarinnar eru birtar í nokkrum töflum. Hér eru birtar tvær þeirra, meðallaun þáttakenda eftir starfsstétt óháð atvinnugrein og breyting á grunn- og heildarlunum frá síðustu könnun. Laun voru einnig greind eftir atvinnugreinum, starfsstéttum innan atvinnugreina og eftir bakgrunnsþáttum og eru þær upplýsingar birtar á heimasíðu VR.

Meðaltal launa segir til um hver meðallaunin eru innan tiltekkinnar starfsstéttar. Til að sýna hvernig launin dreifast eru einnig birtar upplýsingar um miðtölu og fjórðungsmörk. Helmingur swarenda er með hærri laun en miðtalan segir til um og helmingur með lægri laun. Sá fjórðungur sem er með hæstu launin er með þau laun sem 75% mörk segja til um eða hærri og sá fjórðungur sem er með lægstu launin er með þau laun sem 25% mörkin segja til um eða lægri.

### Reiknaðu út launin þín á vr.is

Á heimasíðu VR, [www.vr.is](http://www.vr.is), er reiknivél þar sem þú getur reiknað út launin miðað við tileknar forsendur, þ.e. starfsstétt, atvinnugrein, aldur, starfsaldur og menntun. ■

LAUNAKÖNNUN 2005

# Samanburður á milli ára



## Breytingar á grunn- og heildarlaunum milli ára

	Heildarlaun í þúsundum kr.				Grunnlaun í þúsundum kr.				Fjöldi	
	Meðaltal		% breyting frá síðustu yr. konun		Meðaltal		% breyting frá síðustu yr. konun			
	2005	2004			2005	2004			2005	2004
<b>Alls</b>	<b>300</b>	<b>273</b>	<b>10%</b>		<b>273</b>	<b>246</b>	<b>11%</b>		<b>4982</b>	<b>4201</b>
<b>Stjórnendur og sérfræðingar</b>	<b>365</b>	<b>330</b>	<b>11%</b>		<b>334</b>	<b>300</b>	<b>11%</b>		<b>2046</b>	<b>1673</b>
Hærri stjórnendur	437	400	9%		405	365	11%		209	150
Deildarstjórar	368	330	11%		339	301	13%		210	172
Fjárm.-, sölu-, markaðs- og starfsm.stjórar	386	358	8%		357	331	8%		328	273
Verslunarstjórar	313	273	15%		281	242	16%		153	134
Innkaupa- og skrifstofustjórar	337	292	16%		318	272	17%		198	188
Þjónustu- og verkstjórar	306	296	3%		275	257	7%		126	111
Önnur stjórnunarstörf	316	283	12%		289	261	11%		173	164
Tölvunarfræðingar <sup>1</sup>	380	-	-		350	-	-		103	-
Kerfisfræðingar <sup>1</sup>	402	-	-		364	-	-		126	-
Hag- og viðsk.fr./endurskoðendur	384	362	6%		332	321	3%		177	121
Aðrir háskólamenntaðir sérfræðingar	354	329	8%		327	295	11%		243	182
<b>Sérhæft starfsfólk og tæknar</b>	<b>271</b>	<b>254</b>	<b>7%</b>		<b>251</b>	<b>232</b>	<b>8%</b>		<b>1300</b>	<b>943</b>
Bókhalds-, fjármála- og launafulltrúar	291	270	8%		273	246	11%		320	308
Bókhaldfulltrúar (minni ábyrgð) <sup>2</sup>	232	-	-		222	-	-		116	0
Innheimtufulltrúar	254	235	8%		245	223	10%		109	83
Markaðs- og innkaupafulltrúar	302	257	17%		278	243	15%		115	83
Þjónustufulltrúar/fulltrúar	244	235	4%		230	218	6%		224	198
Tækniteikn./umbr.- og grafikst./vefs.gerð <sup>3</sup>	272	271	0%		251	244	3%		76	31
Ferðafræðingar	235	206	14%		215	193	12%		75	66
Sérhæfing vegna trygginga/tjónauppgjör	355	299	19%		288	264	9%		71	61
Annað sérhæft starfsfólk	269	254	6%		245	228	7%		194	164
<b>Skrifstofufólk</b>	<b>249</b>	<b>220</b>	<b>13%</b>		<b>232</b>	<b>209</b>	<b>11%</b>		<b>320</b>	<b>415</b>
Umsjón með skrifstofu <sup>2</sup>	270	-	-		256	-	-		61	0
Almennir ritrarar/læknaritarar	226	212	7%		214	201	6%		85	95
Önnur almenn skrifstofustörf	254	222	14%		232	209	11%		174	175
<b>Skrifstofufólk við afgreiðslu</b>	<b>223</b>	<b>214</b>	<b>4%</b>		<b>202</b>	<b>189</b>	<b>7%</b>		<b>205</b>	<b>179</b>
Gjaldkeri/innheimtustarf	254	239	7%		235	221	6%		59	63
Símavarsla	205	199	3%		185	168	10%		69	56
Önnur skrifst. störf við afgr./gestamóttaka	215	202	6%		192	176	9%		77	60
<b>Sölu- og afgreiðslufólk</b>	<b>254</b>	<b>231</b>	<b>10%</b>		<b>221</b>	<b>203</b>	<b>9%</b>		<b>752</b>	<b>650</b>
Sérhæfð sólustörf	282	248	14%		239	217	10%		257	169
Sólufulltrúar	277	254	9%		245	232	6%		244	204
Afgreiðsla á sérvöru/matvöru	198	201	-1%		180	172	5%		101	126
Alm. sólustörf/vaktstjórar í verslun	213	217	-2%		185	184	0%		134	118
Afgreiðsla á kassa	161	154	4%		143	126	14%		16	33
<b>Gæslu-, lager- og framleiðslustörf</b>	<b>221</b>	<b>214</b>	<b>4%</b>		<b>189</b>	<b>177</b>	<b>7%</b>		<b>359</b>	<b>341</b>
Öryggis- og húsvarsla/festing	209	201	4%		186	178	4%		35	38
Framleiðsla og þökken/mötuneyti	206	193	7%		181	171	6%		57	43
Lagerstörf	224	219	2%		190	178	7%		201	191
Útkeysla/bilstjórar	234	220	7%		191	178	7%		66	69

<sup>1</sup> Árið 2004 var ekki unnt að aðgreina tölvunar- og kerfisfræðinga.

<sup>2</sup> Árið 2004 var ekki hægt að tilgreina þessu starfsstétt í spurningalistanum.

<sup>3</sup> Árið 2004 var starfsfólk sem sér um vefsíðugerð og -umsjón ekki í þessum flokki.



## LAUNAKÖNNUN 2005

# Hvað er innifalið í launum?

### Flestir fá greitt að fullu fyrir yfirvinnu

Meirihluti félagsmanna, eða 53%, fær greitt sérstaklega fyrir unna yfirvinnu og önnur 8% fá yfirvinnu umfram ákveðna tíma greidda. Þriðjungur fær hins vegar yfirvinnu sína ekki greidda sérstaklega.

#### Launafyrirkomulagi félagsmanna VR er svona háttað:

Grunnlaun og yfirvinna greidd	40%
Tímkáup	8%
Jafnaðarkaup	5%
<hr/>	<b>53%</b>
Grunnlaun, föst/óunnin yfirvinna en greitt fyrir vinnu umfram það	8%
<hr/>	<b>61%</b>
Grunnlaun og föst/óunnin yfirvinna	22%
Grunnlaun, föst/óunnin yfirvinna og bónus / ágóði	7%
Fastlaunasamningur	10%
<hr/>	<b>100%</b>

Einn af hverjum þremur félagsmönnum fær ekki greitt sérstaklega ef hann vinnur yfirvinnu, þ.e.a.s. þeir sem eru á launum með fastri / óunninni yfirvinnu sem og þeir sem eru á fastlaunasamningum.

Helmingur stjórnenda og sérfræðinga er í þessum hópi en 26% skrifstofufólks og 20% sölu- og afgreiðslufólks. Eftir því sem menntunin eykst því líklegra er að starfsmenn séu á föstum launum, um og yfir helmingur háskólamenntaðra fær greidd föst laun af einhverju tagi en innan við 30% annarra menntahópa.

#### Launafyrirkomulag í ráðningarsamningi

Ráðningarsamningur er samningur milli starfsmanns og fyrirtækis um samskipti, réttindi og skyldur. Hann á því að kveða á um þau atriði sem snúa að launum starfsmannsins og vinnutíma hans. Það er mikilvægt að í ráðningarsamningum sé skýrt tekið fram hvernig fyrirkomulagi launa sé háttað sem og lengd vinnuvikunnar. Ef samið er um föst laun fyrir tiltekinn fjölda vinnustunda þarf að skilgreina í ráðningarsamningi hvernig á að umbúna starfsmanninum fyrir vinnu umfram þann tíma eða það vinnuframlag sem samið er um.

#### Í ráðningarsamningi á eftirfarandi að koma fram:

- Titill, staða eða eðli starfsins.
- Lengd ráðningar, ef hún er tímabundin.
- Lengd vinnudags eða vinnuviku.
- Laun og hlunnindi sem og fyrirkomulag launa.
- Hvaða kjarasamningur mun gilda varðandi önnur atriði s.s. neysluhlé, áunnin réttindi, veikindi, orlof o.p.h.

VR vill benda fólk á að mikilvægt er að lesa ráðningarsamninginn vel yfir áður en skrifað er undir. Félagsmönnum er velkomist að koma með samninginn til VR til yfirlestrar og mun starfsfólk kjarasviðs félagsins veita ráðgjöf og nánari upplýsingar. ■

LAUNAKÖNNUN 2005

# Menntun skilar ágóða

Sama hvert litið er



Það er sama hvert litið er, menntun skilar alltaf ágóða. Hvað varðar launin sjálf hafa háskólamenntaðir að meðaltali 32% hærri heildarlaun en aðrir menntahópar. Þegar búið er að taka tillit til kyns, aldurs, vinnutíma, starfsaldurs og starfsstéttar er munurinn 16%. Þeir sem hafa lokið masters- eða doktorsnámi eru með 63% hærri heildarlaun en þeir sem hafa látið námi lokið eftir grunnskóla og 46% hærri laun en þeir sem luku námi eftir framhaldsskóla. Nær helmingur þeirra sem eru með masters- eða doktorsgráðu er með 400 þúsund eða hærra í heildarlaun að meðaltali á mánuði og 29% þeirra sem hafa BA/BS gráðu.

## Menntunin hefur einnig áhrif á annað en launin sjálf

- 80% háskólamenntaðra fá hlunnindi sem hluta af launakjörum á móti 66% þeirra sem hafa lokið framhaldsskóla og 58% þeirra hafa grunnskólapróf eða minni menntun.
- 60% háskólamenntaðra eru með gsm síma frá vinnunni en um og undir 30% þeirra sem hafa framhaldsskólamenntun eða þar af minna.
- Helmingur þeirra sem hefur lokið masters- eða doktorsnámi eru með tölvutengingu heim en 12% þeirra sem hafa lokið framhaldsskóla. Margir telja reyndar tölvutengingu ekki til hlunninda heldur líta á hana sem kvöð og ávísun á meiri vinnu en ella.
- Ekki er munur á lengd vinnuvikunnar eftir menntun, þeir sem hafa lokið BA námi vinna að meðaltali 45,4 klst. á viku og þeir sem hafa grunnskólapróf eða minna vinna að meðaltali 45,6 klst.
- Háskólamenntaðir vinna mun frekar fjarvinnu en aðrir menntahópar; 59% þeirra sem hafa masters- eða doktorsgráðu vinna fjarvinnu, 28% þeirra sem hafa lokið viðbótarnámi eftir framhaldsskóla og 12% þeirra sem hafa grunnskólapróf eða minni menntun.
- Yfir 70% háskólamenntaðra segja að hæfni þeirra á vinnu markaði hafi aukist á milli ára en um 60% þeirra sem hafa lokið framhaldsskóla.

LAUNAKÖNNUN 2005 - JAFNRÉTTI

# Mikil vonbrigði!

Launamunurinn óbreyttur milli ára



**Karlar hafa 23% hærri heildarlaun en konur, 337 þúsund á mánuði að meðaltali á móti tæplega 274 þúsund.** Kynbundinn launamunur, þ.e. þegar búið er að taka tillit til vinnutíma, aldurs, starfsaldurs, stéttar og menntunar, er 14%. Launamunur kynjanna, hvort sem litið er til heildarlauna eða kynbundins launamunar, er næstum óbreyttur á milli ára. Ekki er að sjá að aðrar tekjur kvenna, hlunnindi af einhverju tagi eða meiri sveigjanleiki í starfi vinni upp á móti þessum launamun. Kynið kostar konur því tugi þúsunda á mánuði.

## Karlar fá meiri hlunnindi og aðrar launagreiðslur

Það hallar verulega á konurnar þegar hlunnindi og önnur laun eru greind eftir kyni. Fleiri

karlar hafa hlunnindi sem hluta af launkjörum, 75% á móti 66%. Þeir fá t.a.m. frekar síma og símakostnað greiddan, bílastyrk og /eða afnot af bíl, tölву og tölvutengingu á heimilið. Bílastyrkur karla er marktækt hærri en kvenna, tæplega 16 þúsund á mánuði á móti rúmlega 12 þúsund hjá konum. Rúmlega einn af hverjum tíu félagsmönnum fær önnur laun en þessar hefðbundnu launagreiðslur, s.s. bónus, sölulaun og afkastatengdar greiðslur. Fleiri karlar fá þessar greiðslur en konur, 12% á móti 8%, og eru karlar með tvöfalt hærri greiðslur eða 59 þúsund á mánuði að meðaltali á móti 28 þúsund hjá konunum.

## Sveigjanleiki skýrir ekki launamuninn

Nokkur umræða hefur verið um launamun kynjanna síðustu misseri. Sú skoðun hefur m.a. komið fram að konur njóti meiri sveigjanleika í vinnu en karlar og vegi það nokkuð upp mun í launum. Í könnunum VR segjast

fleiri karlar vinna fjarvinnu en konur og karlarnir gefa fyrirtækjum sínum marktækt hærri einkunn fyrir sveigjanleika. Niðurstöðurnar eru alveg afdráttarlausar hvað þetta varðar; konur hafa ekki meiri sveigjanleika en karlar. Sveigjanleiki er tengdur starfsstéttinni, ekki kyninu, eftir því sem þú klifrar hærra í metorðastiganum því meiri sveigjanleika í starfi hefur þú. ■

## Kynbundinn launamunur

2000	18%
2001	16%
2003*	14%
2004	15%
2005	14%

\* Launakönnun var ekki gerð árið 2002.



## LAUNAKÖNNUN 2005 - JAFNRÉTTI Jafnréttisstefnur

### Hvernig stöndum við í samanburði við árið 2001?

Rúmlega sjö af hverjum tíu félagsmönnum sögðu í launakönnun VR að engin umræða hafi verið um móturn jafnréttisstefnu á vinnustað þeirra og 24% sögðu rætt hafi verið um að móta jafnréttisstefnu, að stefnan hafi verið mótuð eða að unnið væri að móturn hennar. Hjá einungis 14% félagsmanna var unnið eftir virkri jafnréttisstefnu.

Ný jafnréttislög voru sett árið 2000 þar sem kveðið er á um að fyrirtæki þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn skulu setja sér jafnréttisáætlun eða kveða sérstaklega á um jafnrétti kvenna og karla í starfsmannastefnu sinni. Svo virðist sem umræðan sem skapaðist í kjölfar

setningar laganna og jákvæð viðbrögð hafi fjarað út og nú, fjórum árum síðar, er staðan ekki góð. Hér að neðan má sjá samanburð á milli áranna 2001 og 2005. Hafa verður í huga að spurningarnar voru ekki alveg eins orðaðar á milli ára en þessar niðurstöður gefa engu að síður vísbendingu um þróunina.

#### Viðhorfsbreyting

Það sem hefur hins vegar breyst til batnaðar frá árinu 2001 er viðhorf fólks á vinnumarkaði til möguleika karla og kvenna á starfsframa. Árið 2001 sögðu einungis 53% að bæði kynin hafi sömu möguleika til starfsframa á vinnustaðnum en í ár er þetta mat 64% starfsmanna. Nú segja 32% svarenda í könnuninni að karlar hafi meiri möguleika til starfsframa en árið 2001 var þetta hlutfall 43%. ■

#### Samanburður milli ára, niðurstöður launakannanna

- |  | 2001 | 2005 |
|--|------|------|
| Jafnréttisstefna hefur verið mótuð eða unnið er að móturn hennar     | 26%  | 24%  |
| Rætt hefur verið um móturn jafnréttisstefnu                          | 10%  | 3%   |
| Ekki hefur verið rætt um að móta jafnréttisstefnu / ekki verið mótuð | 64%  | 73%  |

# Ábyrgð á heimili

## Hver ber ábyrgðina á þínu heimili?



**Ábyrgðin skiptist jafnt á mínu heimili, segjum við öll hiklaust. Gott og vel. En ef við sprýjum hvort launin hafi eitthvað með ábyrgðina að gera? 82% félagsmanna VR segja að báðir aðilar beri sömu ábyrgð á heimili og fjölskyldu en 11% segja að sá aðilinn sem hefur lægri launin beri meiri ábyrgð. Að sögn 6% ber sá aðilinn sem hefur hærri laun meiri ábyrgð á heimili og fjölskyldu.**

### Aldur og kyn

EKKI er mikill munur á milli kynja hvað þetta varðar, en hann er þó til staðar, 84% karla segja ábyrgð á heimili og fjölskyldu skiptast jafnt en 81% kvenna.

Þegar litið er til aldurs kemur hins vegar í ljós nokkur munur og virðist ábyrgðin jafnari hjá þeim sem eldri eru. 73% þeirra sem eru yngri en 25 ára segja að báðir aðilar beri jafna ábyrgð en 17% þeirra telja hins vegar að sá sem hafi hærri tekjur beri meiri ábyrgð. Um 81% þeirra sem eru á aldrinum 30-49 ára og 87% þeirra sem eru 50 ára eða eldri telja að ábyrgðin skiptist jafnt.

### Menntun og starfsstétt

Niðurstöður eftir menntun koma e.t.v mest á óvart; eftir því sem menntunin eykst því meiri ábyrgð leggst á herðar þess sem lægri launin hefur. 88% þeirra sem hafa grunnskólapróf eða minni menntun segja að báðir aðilar beri jafna ábyrgð en einungis 77% þeirra sem hafa lokið masters- eða doktorsnámi. Rúmlega 13% háskólamenntaðra telja að sá sem hafi lægri tekjur beri meiri ábyrgð en 8% þeirra sem hafa grunnskólapróf eða minna.

Nú benda e.t.v. einhverjir á að með aukinni menntun sé ábyrgð í starfi meiri og vinnutími lengri. Fjarlistir frá heimili séu því meiri. Niðurstöðurnar styðja hins vegar ekki þessa skoðun. 80% stjórnenda segja ábyrgðina á heimili og fjölskyldu skiptast jafnt, og er það sama hlutfall og hjá skrifstofufólki. Hlutfallið er hærra, 85%, hjá starfsmönnum í gæslu-, lager- og framleiðslustörfum. Könnunin sýnir jafnframt að starfsstétt og atvinnugrein skipta mestu um lengd vinnuvikunnar. Það er verðugt umhugsunarefni hvað geti skýrt þessar niðurstöður því þær eru á skjön við það sem við flest teljum eðlilegt. E.t.v. leggja mismunandi mennta- og aldurshópar ólíkan skilning í hugtakið ábyrgð á heimili. ■



LAUNAKÖNNUN 2005 - JAFNRÉTTI

# Vertu karlmaður!


## Örugg leið til að hækka launin

VR hefur helgað árið baráttunni fyrir jafnrétti og ber hæst stóra auglýsingaherferð sem hefur spannað allt árið en nær hámarki nú á haustmánuðum. Hún er undir yfirskriftinni „Láttu ekki últitið blekkja þig.“

Ástæða þess að VR hefur valið að helga árið jafnréttismálum er einföld. Launakannanir undanfarinna þriggja ára hafa sýnt óyggjandi að launamunur kynjanna hefur staðið í stað þrátt fyrir mikla umræðu og gott ástand á vinnumarkaði í nokkurn tíma.

Kynbundinn launamunur er enn 14% skv. síðustu könnun og heildarlaun karla 23% hærri en kvenna.

Vonir standa til að herferðin muni vekja fólk til umhugsunar en við teljum auglýsingarnar varpa ljósi á um hvað launamunur kynjanna snýst í raun og veru. Þær tala sínu máli. VR vill koma að þakklæti til þeirra sem að herferðinni stóðu og sérstaklega þeirra sem léðu andlit sín.



## KJARAMÁL

# Launaviðtalið

### Góður árangur byggist ekki á tilviljun

Launaviðtal er ekkert frábrugðið öðrum samningavíðræðum. Góður undirbúningur styrkir stöðu þína. Hér eru nokkur góð ráð sem e.t.v. geta hjálpað þér. VR skipuleggur einnig námskeið í samvinnu við HR og Mími-símenntun um undirbúning og sjálfssþyrkingu fyrir launaviðtalið. Sjá nánar á bls. 20.

- **Sjálfsskoðun** Skoðaðu stöðu þína og reyndu að meta styrk- og veikileika þína og hver tækifærin eru. Hvernig stendurðu þig í vinnunni? Hvar og hvernig nýtist reynsla þín og kunnáttu best?
- **Skráðu vinnuframlag** Það er undir þér komið að sýna að þú verðskuldir launahækkan eða hvað annað sem þú vilt semja um. Skráðu hjá þér viðfangsefni þín og vinnuframlag til lengri tíma liði.
- **Símenntun** Með símenntun nær fólk betri tökum á starfinu, það veitir betri þjónustu og öðlast meira sjálfstraust. Gættu þess að skrá hjá þér öll þau námskeið sem þú sækir því þetta hefur jákvæð áhrif á fyrirtækið sem gerir samningsstöðu þína sterkari í viðtalinni.
- „GÆS“ Hugsaðu um „GÆS“; ég GET, ég ÆTLA, ég SKAL. Hafðu trú á sjálfum/sjálfri þér, því annars hefur atvinnurekandinn það ekki. Þú þarf að sannfæra hann um að þú sért þess virði að fá góð laun.
- **Markaðsvirði** Aflaðu þér upplýsinga um markaðsvirði þitt, hver laun sambærilegra hópa eru og siðast en ekki síst, hvernig kaupin gerast á eyrinni. Notaðu launakönnunina og vinnudagbók þína.
- **Markmiðasetning** Settu þér raunhæf markmið, því þú missir trúverðugleikann ef þú biður um laun sem þú átt ekki skilið, hvort sem þau eru allt of lág eða há. Veltu fyrir þér hvaða niðurstöðu þú myndir sætta þig við. Hvar sérdu sjálfa/n þig eftir fimm ár? Með því að hafa skýr markmið næruðu lengra.
- **Samningatækni** Tileinkaðu þér samningatækni og æfðu þig. Reyndu að halda samningaviðræðunum á faglegum grundvelli og ekki verða of tilfinningasöm/-samur. Til að ná sem bestum árangri geturðu þurft að sýna sveigjanleika, sem getur verið báðum til góða.
- **Tímasetning** Mikilvægt er að huga að því hvað sé besti tíminn. T.d. getur verið slæmt að ræða launahækkan ef nýlegir ársreikningar

hafa komið illa út, þá borgar sig að bíða aðeins. Pantaðu tíma hjá yfirmanni með nokkura daga fyrirvara svo hann geti einnig undirbúið sig.

- **Æfðu þig** Árangur byggist á góðum undirbúningi og ekki síður þjálfun. Fáðu einhvern sem þú treystir vel til að fara með þér í hlutverkaleik og æfðu þig, hvað þú ætlar að segja og hvernig þú vilt koma því frá þér.
- **Að takast á við kvíðann** Það er eðlilegt að finna fyrir streitu þegar maður fer í launaviðtal og sérstaklega ef maður er að gera það í fyrsta sinn. Eftir því sem þú ert betur undirbúin/n, því rólegri og yfirvegaðri verður þú. Gott er að anda djúpt áður en þú ferð í viðtalið og munu að stjórnandinn er líka mannlegur.
- **Æfingin skapar meistarann** Að fá neitun getur verið lærðómsríkt. Að viðtalinn loknu skaltu skrá hjá þér hvað fór vel og hvað hefði betur mátt fara. Byrjaðu að undirbúa þig fyrir næsta viðtal með því að bæta frammistöðu þína og halda vinnudagbók.

### Um hvað má semja í launaviðtali?

Launaviðtalið þarf ekki eingöngu að snúast um launin. Það getur e.t.v. hentað þér betur að semja um sveigjanlegan vinnutíma eða aukið orlof til að verja meiri tíma með fjölskyldunni. Hér eru nefnd nokkur atriði sem mætti semja um:

- Afsláttur af vörum fyrirtæk.
- Aukið fæðingarorlof
- Aukið orlof á launum
- Árgjald í fagfélag
- Áskrift að tímaritum
- Barnagæsla
- Bensínstyrkur
- Bífreiðastyrkur
- Fatastyrkur
- Ferðastyrkur
- Fjölbreytni í starfi
- Forkaupsréttindi á hlutabré.
- Námsstyrkur
- Símasstyrkur
- Slysa- og líftrygging
- Stöðuhækkan
- Sveigjanlegur vinnutími
- Tölva á heimilið
- Vinnuaðstaða
- Yfirvinna

# Átt þú rétt á starfsmenntastyrk?

Félagsmenn VR geta sótt um starfsmenntastyrki til Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks (SA) eða Starfsmenntasjóðs verslunarinnar (FÍS).

Styrkirnir nema allt að helmingi námskeiðsgjalta, en upphæð styrks fer eftir stigaeign hvers og eins. Styrkur til félagsmanns getur aldrei numið hærri fjárhæð en stigaeign hans kveður á um og reglan er sú að eitt stig sem er að jafnvirði kr. 1.000 er gefið fyrir hvern mánuð sem greitt er iðgjald í sjóðinn, miðað við kr. 150.000 í mánaðarlaun. Sjóðurinn er tekjutengdur. Félagsmaðurinn þarf að greiða fyrir námskeiðið sjálfur til að fá greiddan fullan styrk. Ekki eru styrkt námskeið sem atvinnurekandi sendir félagsmann á en taki atvinnurekandi þátt í kostnaði á námskeiði sem er ekki tengt starfinu þarf hann að staðfesta á greiðslukvittuninni með undirskrift og stimpli hversu stóran hluta hann greiðir.

## Skilyrði fyrir styrk

Meginskilyrði fyrir því að fá styrk er að félagsmaður sé greiðandi til félagsins þegar sótt er um styrk. Skila þarf inn greiðslukvittun og fylla út umsóknareyðublað sem hægt er að nálgast á heimasíðu félagsins eða á skrifstofunni. Gögn og umsóknir um styrk þurfa að berast innan 12 mánaða frá námslokum. Styrkir eru greiddir út vikulega og umsóknir sem berast fyrir miðvikudag eru greiddar út á föstudagi.

## Veittir styrkir

Fyrir utan starfsmenntastyrki eru einnig veittir tómstundastyrkir og ferðastyrkir vegna námsferða. Nánari upplýsingar eru hjá þjónustuveri VR í síma 510 1700. Hægt er að nálgast samþykktir og starfsreglur Starfsmenntasjóðanna sem og umsóknareyðublað um styrk á heimasíðu VR, [www.vr.is](http://www.vr.is) eða á [www.starfsmennt.is](http://www.starfsmennt.is). Einnig er hægt að senda fyrirspurnir á netfangið [styrkir@vr.is](mailto:styrkir@vr.is).

# FRÆÐSLA

## Námskeið

### Námskeið haldin í samstarfi við Símennt Háskólans í Reykjavík

**Þegar Davíð hitti Golíat - undirbúningur fyrir launaviðtalið**  
Félagsmenn VR eiga samkvæmt kjarasamningum rétt á árlegu viðtali við vinnumeitandur um laun og starfskjör. Á námskeiðinu er samningatækni kynnt og farið yfir atriði eins og undirbúning launaviðtalsins, samningsfleti, aðferðir og niðurstöðu.

**Leiðbeinandi er Sigurður Gíslason, Cand.Oeon viðskiptafræðingur**  
**Námskeiðið er 3 klst. og er frá kl. 16:00-19:00.**  
**Dagsetningar: 19. okt., 9. nóv., 18. jan. og 22. feb.**  
**Verð: kr. 8.000 til félagsmanna VR**

**Hið gullna jafnvægi**  
Á námskeiðinu er fjallað um starfsmannastefnu fyrirtækja og stofnana, sérstaklega með tilliti til fjölskyldumála. Kynnt er til sögunnar „Hið gullna jafnvægi“, sem er átak sem gert hefur verið til að samræma atvinnu og einkalíf.

**Leiðbeinandi: Halldór Reynisson, verkefnastjóri hjá Biskupstofu**  
**Námskeiðið er 3 klst. og er kennt frá kl. 16:00-19:00**  
**Dagsetningar: 23. jan., 20. mars, 5. okt. og 7. nóv.**  
**Verð: kr. 8.000 til félagsmanna VR**

**Námskeiðin eru haldin í Háskólanum í Reykjavík, Ofanleiti 2.**  
**Upplýsingar og skráning í síma 599 6258 eða á [charlotta@ru.is](mailto:charlotta@ru.is)**

### Námskeið haldin í samstarfi við Mími-símenntun

**Að semja um laun**  
Á ári hverju fara fleiri og fleiri félagsmenn VR í launaviðtal og er námskeiðið góður undirbúningur fyrir það. Á námskeiðinu verður farið í uppbyggingu frammistöðumats- og umbunarkerfa. Kynntar leiðir til að undirbúa sig fyrir launaviðtalið og niðurstöðu viðtalsins. Farið verður í hvaða þættir það eru sem hafa áhrif á laun, hvernig störf eru metin o.fl.

**Leiðbeinendur**  
eru kennarar Mímis-símenntunar  
**Námskeiðið er 4 klst. og er frá kl. 18:00-22:00**  
**Dagsetningar: 15. nóv. og 22. nóv.**  
**Verð: kr. 6.800 til félagsmanna VR**

### Sjálfsefling og árangursrík samskipti

Markmið námskeiðsins er m.a. að þátttakendur þekki samhengi á milli sjálfs-trausta, framkomu, samskipta, grundvallaratriði árangursríkra samskipta og hvernig hægt er að forðast misskilning.

**Leiðbeinendur**  
eru kennarar Mímis-Símenntunar  
**Námskeiðið er 3 klst. og er frá kl. 19:00-22:00**  
**Dagsetningar: 17. nóv. og 24. nóv.**  
**Verð: kr. 5.500 til félagsmanna VR**

**Námskeiðin fara fram í húskynnum Mímis-símenntunar, Grensásvegi 16a.**  
**Upplýsingar og skráning í síma 580 1800.**

Félagsmenn geta sótt um styrk fyrir þessi námskeið til starfsmenntasjóðanna. Sjá texta hér til hliðar. Nánari upplýsingar hjá þjónustuveri VR í síma 510 1700 og á [www.vr.is](http://www.vr.is)

## FRÆÐSLA

# Fyrirlestraröð VR í vetur

Í vetur verður áfram boðið uppá klukkutíma hádegisfyrirlestra þar sem ýmsir sérfræðingar munu ræða um áhugaverð málefni. Fyrirlestrarnir eru öllum félagsmönnum opnir og ókeypis. Þeir verða haldnir kl. 12-13 í húsnæði VR í Húsi verslunarinnar á 0. hæð.

### Hvenær kemur minn tími?

22. september

Forvarnir, Ásta Snorradóttir, hjúkrunar- og mannfræðingur.

Fyrirlesturinn fjallar um hlutverkatogstreitu konunnar sem móður, konu og meyju.

### Að koma fram

13. október

IMG, María Ellingsen, BA í leiklist frá New York University.

Fjallað verður um aukið öryggi og útgeislun við ræður og fyrirlestrahald. Meiri ánægju og árangur af opinberri framkomu.

### Hver vegna fá Zebrahestar ekki magasár?

3. nóvember.

Forvarnir, Ólafur Þór Ævarsson, geðlæknir dr. Med.

Áhrif streitu á andlega og líkamlega heilsu.

### Samskipti og þjónusta í fjölmennningarlegu umhverfi

24. nóvember

Alþjóðahúsið, Gerður Gestsdóttir, verkefnastjóri fræðsludeildar.

Fjallað um samskipti á fjölmennningarlegum vinnustað og hvaða kröfur fjölmennningarlegt samfélag gerir til fólks í þjónustustörfum.

### Að hafa áhrif á aðra

12. janúar

IMG, Vilmar Pétursson, M.Sc. Evrópustjórnun.

Fjallað um hvaða atriði það eru sem hafa áhrif á það hverjum við trúum og treystum.

### Hversu full er fatan þín?

2. febrúar

Pekkingarmiðlun,

Ingrid Kuhlman, ráðgjafi og framkvæmdastjóri Pekkingarmiðlunar.

Við eignum öll okkar myndrænu, ósýnilegu fötu af tilfinningum sem við tökum með okkur hvert sem við förum. Okkur líður vel þegar fatan er full og hörmulega þegar hún er tóm.

### Þegar Davíð hitti Golíat

23. febrúar

Háskólinn í Reykjavík/Símennt, Sigurður Gíslason, Cand.Oecon.

Inngangur að samningataekni sem nýtist okkur í starfi og einkalifi.

### Samskipti og vellíðan á vinnustað

16. mars

Pekkingarmiðlun, Eyþór Eðvarðsson, M.A. í vinnusálfræði.

Í fyrirlestrinum er farið ofan í saumana á uppbyggilegum og árangursríkum samkiptum á vinnustað, eins og traust, heiðarleika, ábyrgð, virðingu o.fl.

### Menningarlæsi

6. apríl

Háskólinn í Reykjavík / Símennt, Margrét Jónsdóttir, Phd.

Í fyrirlestrinum er fjallað um menningarlæsi. Hvað er menningarlæsi og hvernig getur það hjálpað okkur í viðskiptum og samskiptum?

### Vinnupersónuleikar

27. apríl

Pekkingarmiðlun, Eyþór Eðvarðsson, M.A. í vinnusálfræði.

Í fyrirlestrinum er farið í mismunandi þroskastig hópa og einkenni skilvirkra hópa. Teknir eru fyrir mismunandi vinnupersónuleikar og hvernig þeir starfa saman.

### Skráning er í þjónustuveri VR í síma 510 1700

Nánari upplýsingar um fyrirlestrana er að finna á [www.vr.is](http://www.vr.is)

**NÝTTU RÉTTINDIN ÞÍN  
OG KOMDU Á FYRIRLESTRUR  
Í HÁDEGINU  
LÉTTAR VEITINGAR Í BOÐI**

MENNTUN

# Viltu verða fagmaður?

Umsóknarfrestur um verslunarfagnám er til 30. september

**Ef þú starfar í verslun og hefur að minnsta kosti eins árs samfellda starfsreynslu átt þú möguleika á að næla þér í menntun í faginu. Væri ekki ráð að kafa dýpra í þætti sem þú þekkir nú þegar, bæta við enn meiri þekkingu og auka möguleika þína á starfsframa og fjölbreytni í starfi? Starfsfólk sem eykur hæfni sína og fagþekkingu er áreiðanlegri starfskraftur og fagþekking starfsmanna leiðir til minni starfsmannaveltu. Fyrirtæki heldur fremur í starfsfólk sem sýnir og sannar að fagleg þekking sé fyrir hendi. Fagnám styrkir því hvortveggja í senn stöðu starfsfólks og vinnuveitenda á vinnumarkaði.**

## Fyrirkomulag námsins

Um er að ræða fagnám í Verzlunarskóla Íslands sem hófst í janúar sl. og stunda 19 nemendur námið núna. Umsóknarfrestur er til 30. september, en námið hefst í janúar 2006.

Námið dreifist á eitt og hálft ár og skiptist niður í 3 misseri; janúar til maí 2006, ágúst til nóvember 2006 og janúar til maí 2007. Um er að ræða samstarfsverkefni starfsmanns, vinnuveitenda og skóla, staðfest með skriflegum samningi þar sem fram koma m.a. kröfur sem gerðar eru til starfsmanns og kröfur um sveigjanleika og aðstoð á vinnustað vegna námsins. Skólagjald er 33.000 krónur fyrir hverja lotu, eða 99.000 fyrir allt árið. Hægt er að sækja um fræðslustyrk hjá



VR skv. nánari reglum þar um. Upplýsingar um styrki eru á bls. 20, á [www.vr.is](http://www.vr.is) og í þjónustuveri VR í síma 510 1700.

Námið er metið til 51 einingar á framhaldsskólastigi sem sérstakt fagnám og er hægt að fá hluta þessara eininga metinn í venjulegt framhaldsskólanám vilji menn halda áfram námi á þeim vettvangi. Sömuleiðis stefnir VÍ að því að hefja verslunarfagnám haustið 2006.


Kennsla fer fram í Verzlunarskóla Íslands undir leiðsögn kennara og á vinnustað nemanda undir leiðsögn starfspjálfa. Það hefst á upphafslotu sem nær yfir heila helgi. Að öðru leyti skiptist námið í þrjár aðallotur sem hver um sig nær yfir 13 vikur. 338 kennslustundir eru í skólanum og aðrar 338 fara fram á vinnustaðnum.

## Námsefni

Í hverri lotu er ákveðið þema sem námsefnið beinist að. Í fyrstu lotu er þemað starfsmaðurinn og starfsvettvangurinn, í lotu 2 er megináherslan á viðskiptavini og þjónustu og í lotu 3 er áherslan á vörur og ýmis sérvíð verslunar. Í hverri viku eru 8 klukkustundir í skólahiðveru og 8 klst. í starfsnámi á viðkomandi vinnustað undir leiðsögn starfspjálfa en þar fyrir utan er starfsmaðurinn í vinnu við hefðbundin störf. Námið í skólanum og vinnunni er sampætt þannig að starfsmaðurinn æfir jafnóðum í vinnu þá þætti sem eru til umfjöllunar í skólanum hverju sinni. ■

---

Allar nánari upplýsingar er að finna á [www.verslo.is/verslo/verslunarfagnam](http://www.verslo.is/verslo/verslunarfagnam)



Rósa Vigdís Arnardóttir starfsm. í Hagkaup í Kringlu og starfsþjálfí hennar Kolbrún Jóhannesdóttir aðstoðarverslunarstjóri

## MENNTUN

# Greip tækifærið

## Alltaf haft áhuga á verslunarstörfum

Rósa Vigdís Arnardóttir, 23 ára starfsmaður í Hagkaup í Kringlunni, er ein af þeim sem stundar nú fagnámið í Versló. Hún er búin með eina lotu og byrjuð á annarri. „Já, ég greip tækifærið þegar ég sá þetta auglýst og mér líkar mjög vel,” segir Rósa, „Þetta er samheldinn hópur, nemendur eru á öllum aldri og með mismunandi reynslu að baki.“ Rósa segist alltaf hafa haft áhuga á verslunarstörfum og langar í framtíðinni að eignast sína eigin verslun. „Ég var byrjuð í framhaldsskóla en hætti, kláraði bara skemmtilegustu fögur, sálfræði, félagsfræði og þess háttar,” segir Rósa brosandi, „en þau koma sér líka vel í vinnunni og nýtast í náminu núna.“ Skemmtilegasta fagið finnst Rósu vera Sjálfsprekking og námstækni. „Þar er farið í sjálfsskoðun og maður veltir t.d. fyrir sér af hverju maður bregst við á ákveðinn hátt við mismunandi aðstæðum og lærir hvernig maður á að bregðast við. Námstæknin er svo nauðsynleg fyrir alla og sérstaklega okkur sem erum að byrja aftur í námi eftir hlé.“

## KJARAMÁL

# Skoðaðu launaseðilinn

## Ekki alltaf staðið rétt að launauppgjöri

Á hverju hausti koma alltaf nokkur mál til kasta kjarasviðs VR þar sem vinnuveitendur hafa ekki staðið rétt að launauppgjöri hjá sumarstarfsfólki, í flestum tilfellum skólafólki. Því er brýnt að fólk fari vel yfir launaseðla sumarsins til að tryggja að allt skili sér, sérstaklega að áunnið orlof sé gert rétt upp.

Orlof er ýmist greitt inn á sérstakan orlofsreikning eða það er greitt út við starfslok og ætti þá að koma fram á síðasta launaseðli sumarsins. Það er ekki síður mikilvægt að huga að orlofslaunum þegar ekki er um eiginleg starfslok að ræða, t.d. ef viðkomandi starfsmaður heldur áfram í hlutastarfi með skóla, en þá freast uppgjör orlofslauna til loka orlofsársins.

Einnig er mikilvægt að hafa í huga hversu lengi sumarvinnan stóð yfir, því ef viðkomandi starfsmaður náði 12 vikna samfelldum starfstíma á hann rétt á uppgjöri vegna orlofs- og desemberuppbóta.

### Vinna með skóla

Þá er ekki úr vegi að minna þá nemendur sem ætla að vinna með skólanum í vetur á nokkur atriði sem gott er að hafa í huga. Mikilvægt er að gera skriflegan ráðningarsamning en hver sem ráðinn er til lengri tíma en eins mánaðar og til að vinna lengur en 8 klst. á viku á rétt á að gera skriflegan ráðningarsamning. Það er á ábyrgð vinnuveitanda að ganga frá skriflegum ráðningarsamningi eigi síðar en 2 mánuðum eftir að starf hefst.

Það er góð regla að skrá vinnustundir sínar og bera þær saman við það sem fram kemur á launaseðli. Launaseðil á að afhenda um hver mánaðamót og launin eiga að greiðast fyrsta dag eftir að mánuði lýkur sem þau eru greidd fyrir.

Jafnframt er full ástæða fyrir fólk að skoða sín helstu kjarabundnu réttindi s.s. varðandi lágmarkslaun, neysluhlé, uppsagnarfrest og veikindarétt, því það getur alltaf gerst að þessum atriðum sé ekki framfylgt á réttan hátt, fyrir mistök eða vísvitandi.

## Þing og fundir



Ársfundur ASÍ verður haldinn dagana 20. og 21. október næstkomandi á Hótel Nordica. Eftirfarandi málefni verða á dagskrá: Lífið í vinnunni, staða og starfshættir verkalýðs-hreyfingarinnar og mótn markvissrar jafn-rettisáætlunar.

Þá verður 25. þing LÍV haldið dagana 11. og 12. nóvember á Hótel KEA á Akureyri. Umfjöllunarefni þingsins verða kjaramál og aukin samvinna milli aðildarfélaganna.

EKKI var ljóst þegar blaðið fór í prentun hve marga fulltrúa VR mun eiga á þessum fundum. Að venju verður viðhöfð sama aðferð og undanfarið við val fulltrúa. Leitað verður fyrst til stjórnar- og trúnaðarráðsmanna og ef ekki næst að fylla listann verður haft samband við trúnaðarmenn á vinnustöðum.

# FÉLAGSMÁL VR varasjóður

## Skattayfirvöld komin að niðurstöðu

Á síðasta aðalfundi VR var samþykkt að vinna áfram með hugmyndir um aukinn sveigjanleika og meira frjálsræði í nýtingu félagsmanna á inneign sinni í sjóðum félagsins. Góð fjárhagsstaða sjóða VR, fjölgun félagsmanna undanfarin ár og hagkvæmur rekstur félagsins gera það að verkum að mögulegt er að stofna séreignarsparnað félagsmanna, eins konar varasjóð. Embætti ríkisskattstjóra gerði athugasemd við upphaflegar hugmyndir varðandi skattskyldu á endurgreiðslu félagsgjalda langt aftur í tímann. Niðurstaða er komin um breytta útfærslu og því er hafinn undirbúningur að stofnun varasjóðsins í kjölfar aðalfundar VR árið 2006.

### Varasjóður félagsmannsins

Séreignarsparnaður af þessu tagi yrði varasjóður félagsmannsins sem hann gæti nýtt til endurmenntunar, til forvara og endurhæfingar, til orlofsdvalar, til fram-færslu ef hann missir vinnuna, ef heilsan brestur eða þegar hann lætur af störfum vegna aldurs. Inneign félagsmanna í félags-, sjúkra- og orlofssjóðum yrði felld inn í hinn nýja sjóð. Áfram yrði hægt að taka út úr sjóðnum til að standa straum af smærri kostnaðarliðum en félagið myndi hvetja alla félagsmenn til að safna í sjóðinn til geta mætt stærri áföllum, s.s. atvinnuleysi eða veikindum. Inneign myndi erfast við fráfall félagsmannsins.

### Samtrygging breytist ekki

Stærstur hluti iðgjalda myndi áfram renna til samtryggingar félagsins til að standa straum af sjúkra- og slysadagpeningum, dagpeningum vegna veikinda barna, örorkubótum, dánarbótum og lögfræðiaðstoð til félagsmanna. Einnig yrði dvöl félagsmanna í orlofshúsum ennþá niðurgreidd, en þó í minna mæli en verið hefur. ■

SPJALLIÐ

# Lifum við til að vinna eða vinnum við til að lifa?

Persónur og leikendur viðtalsins eru Katrín Oddsdóttir sem vinnur á auglýsingastofunni Fíton sem texta- og hugmyndasmiður, Haraldur Freyr Gíslason leikskólakennaranemi og tónlistarmaður, Þóra Sigurðardóttir úmsjónarmaður Stundarinnar okkar og blaðamaður á Sirkus Reykjavík og Reynir Lyngdal leikstjóri. Oddný Sturludóttir tók viðtalið.



**Blaðamaður VR** hitti leikstjóra, texta- og hugmyndasmið, leikskólakennara, sjónvarpsstjörnu, trommara, blaðamann, plötusnúð og næstum því heimspeking á kaffihúsi næstsíðasta dag ágústmánaðar. Reyndar voru viðmælendurnir bara fjórir en eiga það sameiginlegt að vera tæplega eða rúmlega þrítugir og skarta fjölskrúðugum starfsheimum. Þeir létu gamminn geisa um lífið og vinnuna, móral og metorðastigann og veltu fyrir sér hvort Stundin okkar myndi leggjast af í krepputíð.

**Kata:** „Ég er í afar margslungnu starfi. Einн daginn er ég að skrifa um innri eiginleika mólíkúla í olíubrennslukarbínötum og hinn daginn um kynlif unglings. Starfið er skemmtilegt að þessu leyti en oft finnst mér skrýtið að vera ekki að vinna með neina ákveðna, áþreifanlega vöru. Allt sem ég geri snýst um hugvit, hugmyndir og hönnun.

**Halli:** „Ég fór í leikskólakennaranám af þeirri einföldu ástæðu að ég var búinn að vinna á leikskóla í sex ár, leið vel í starfi og gat hugsað mér að halda áfram. Ekki hækka ég nú mikil í launum við útskrift en það verður að hafa það.“

**Póra:** „Er þetta svona hrikalega illa borgað?“

**Halli:** „Já, fólk velur þetta starf ekki út af laununum. Reyndar held ég að þeir sem velja sér nám og starf eingöngu út af laununum sem bíða þeirra, átti sig alltaf á því síðar meir að það voru mistök.“

**Póra:** „Ég er algjörlega sammála þessu. Margir af mínum jafnöldrum hugsa á ákaflega praktískum nótum. Þeir fóru í viðskiptafræði, tölvunarfræði eða lögfræði og eru í toppstöðum í dag. Hlupu svo hratt upp metorðastigann að þeir hurfu sjónum mínum í reykjarmekki. En svo kemur á daginn að hugðarefnin eru einhver allt önnur en vinnan og þá tekur fólk að sér aukastörf sem kemur inn á hugðarefnin þeirra. Kannski af því þeim leiðist svo agalega í vinnunni.“

**Halli:** „Fólk reisir sér spilaborg í huganum af því hvernig starfsferillinn muni þróast. Það reiknar með x háum launum og byrjar auðvitað að haga sér – og eyða samkvæmt því. Síðan fer boltinn að rúlla og tími fólks minnkar smátt og smátt því það þarf sifellt að afla meiri tekna til að borga fyrir alla eyðsluna. Svo kemur að því að fólk gerir lítið annað en að vinna og gerir aldrei neitt skemmtilegt. En það er ekki til í

dæminu að fólk dragi saman seglin, það er svo erfitt að spóla til baka.“

**Kata:** Ætli fólk finnist ekki algjörlega óhugsandi að lækka í launum? Sá sem fer í verr launaðri vinnu verður álitinn skrytinn og talinn hafa tekið stórandarlega u-beygju. Eins og viðkomandi hafi fórnæð öðru barninu sínu.“

**Póra:** Ég held að fólk myndi upplifa sig sem algjörlega misheppnað við að lækka í launum. Það eru svo margir í stanslausu þríli upp á við og ef bílaflotinn stækkar ekki jafnt og þétt hlýtur fólk að vera í vondum málum!

**Reynir:** „Jú, jú. Ef viðkomandi hefur líka verið í rokkhljómsveit!“

**Kata:** „Flestir eru ekki svo heppnir að hafa vitað frá ný ára aldrí að þeir ætli að verða læknar. Tískan og tíðarandinn skipar auðvitað veigamikinn sess í hugum ungs fólk, maður klæðir sig og hlustar á tónlist samkvæmt tísku. Sérstaklega á mótnunarárunum í kringum tvítugt en þá velur fólk sér nám sem leiðir jafnvel til framtíðarstarfs.“

**Póra:** „Þetta sveiflast líka eftir straumum og stefnum í þjóðfélaginu. Fyrir nokkrum árum var



**Halli:** „Þetta er bara ein birtingarmynd kapitalismans í sinni hreinustu mynd. Fyrirtæki sem stækka ekki jafnt og þétt eru álitin vera á leiðinni á hausinn.“

**Blaðamaður biður fundarmenn að velta fyrir sér hvort tínska og tíðarandi hafi áhrif á starfsvall. Hvort fólk velji – eða hafni störfum á þeim forsendum að þau þyki ekki fín, töff, kúl eða nógu skapandi. Reynir svarar þessu án umhugsunar.**

**Reynir:** „Það sem telst töff og kúl þarf ekki endilega að vera skapandi.“

**Halli:** „Það telst klárlega ekki vera töff og kúl að vera leikskólakennari.“

gríðarleg uppsveifla og Háskólabíó troðfylltist af væntanlegum viðskipta- og tölvunarfræðingum. Í dag er Bifröst að springa af fólk sem er að læra viðskiptalögfræði eða í MBA-námi. Ég fór sjálf í heimspeki eftir stúdentspróf sem þótti nú aldeilis ekki praktískt og ég hef reyndar ekki ennþá séð auglýst eftir heimspekingi í atvinnuauglysingunum.“

**Reynir:** „En hvað er málið með þetta MBA nám? Það virðast nú allir úr öllum stéttum vera í því, það er geysilega vinsælt. Spurning hvort maður skelli sér ekki bara upp á Bifröst og sláist í hópinn?“

**Kata:** „En NBA-nám, er það ekkert vinsælt?“  
Reynir: „Körfuboltanámið? Jú, jú. Það er líka mjög vinsælt.“ ➤

**Ha, ha, ha. En hvað með samkeppnina á vinnumarkaðnum? Er hún mikil? Skipta einkunnir úr skóla öllu máli eða fær fólk tækifæri á að spreyta sig og sanna?**

**Kata:** „Ég vil trúá því að stjórnendur fyrirtækja horfi ekki bara á einkunnir umsækjenda, heldur líka til reynslu viðkomandi. Það gefur augaleið að ef umsækjandi hefur dvalið í Bólívú í eitt ár sem skiptinemi býr hann yfir eftirsóknarverðri reynslu umfram þann sem hefur alltaf valið beinustu, auðveldustu, augljósustu og einföldustu leiðina að settu marki.“



**Póra:** „Þetta veltur dálítið á stöðu markaðarins, stundum vantar fólk og stundum er markaðurinn mettur.“

**Halli:** „En við getum nú varla talað um að hér ríki nokkurn tíma alvarlegt atvinnuleysi, við höfum það yfirhöfuð mjög gott á þessu landi. Það er erfitt fyrir okkur að setja okkur í spor fólk sem virkilega þarf að hafa fyrir hlutunum. Það er ríkjandi góðæri og stundum vona ég bara að það komi alvöru kreppa, til þess að við skynjum muninn. Ég verð alla vega í góðum málum þótt það bresti á kreppa, því fólk þarf alltaf kennslu fyrir börnin sín!“

**Póra:** „Ég er hrædd um að það verði lítið að gera hjá mér í kreppu. Ég er kannski ekki beinlínis forgangsatriði í uppeldi barna!“

**Reynir:** „Hvað meinardu eiginlega? Stundin okkar er frábær þáttur.“

**Halli:** „Stundin okkar verður aldrei lögð niður, hafðu engar áhyggjur. En stjórnendur RÚV gætu aftur á móti farið að skipta umsjónarmönnum út!“

**Hvort sem það gerist nú eða ekki, er Póra sátt við að vera Birta í Stundinni okkar?**

**Póra:** „Þetta er draumastarfið mitt eins og stendur en ég væri ekki til í að gera þetta að eilifu. Ég hef algjört listrænt frelsi og ræð vinnutímanum sjálf. En líftími fólks í svona starfi er stuttur og ég verð að hafa það á bak við eyrað.“

**Reynir:** „Ég myndi segja að ég væri í draumastarfinu mínu, ég hef viljað gera nákvæmlega þetta síðan ég var tólf ára gamall. Ég geri aðallega auglýsingar og svo bý ég til stuttmeyndir þegar það er til peningur fyrir því og bíómyndir þegar það er til peningur fyrir því.“

**Kata:** „Ég er í draumastarfinu á akkúrat þessum tímapunkti í lífi mínu, en ég myndi ekki vilja vera að gera nákvæmlega sama hlutinn eftir 25 ár. Mér finnst helst vanta í þetta starf þá tilfinningu að störf mín og það sem ég geri, bæti heiminn á einhvern hátt. Samt skrifa ég ekki undir það að auglýsinga-íðnaðurinn sé rotin starfsgrein með spilltu og óheiðarlegu fólk. Það er algjör þjóðsaga. En ég væri fullkomlega sátt ef ég gæti unnið skapandi starf sem leiddi af sér góða hluti.“

**Halli:** „Draumastarfið mitt er að vinna með börnum sem eru með hegðunarvandamál og broskaraskanir. Mig langar að sérmennta mig í því einn daginn. En ég myndi helst kjósa að vinna í leikskóla níu mánuði á ári og temja hesta hina þrjá mánuðina.“

**Reynir:** „Þú ert sem sagt alltaf að temja. Ef ekki börn, þá hesta.“



**Hláturinn ómar á B5, það er gaman að lifa. En lifum við til að vinna, eða vinnum við til að lifa?**

**Póra:** „Í augnablikinu lifi ég til að vinna. Ég lifi kannski bara svona sorglegu lífi, það snýst bara um mig, köttinn og vinnuna.“

**Kata:** „Ég held að maður verði að fara bil beggja, það má ekki gera bara annað hvort. Vinnan gleypir 65% af völkutíma manns og þess vegna verður manni að líða vel í vinnunni. Ég er á þeirri skoðun að mórrall á vinnustað sé jafn mikilvægur og vinnan sjálf. Ef maður vinnur á stað þar sem ríkir frábær andi má vinnan vera andskoti leiðinleg til að manni líði hreinlega illa í vinnunni.“

**Halli:** „Þessi gullni meðalvegur er bestur. Maður verður að hafa ánægju af starfinu og einnig að fá laun sem maður getur lifað af. Ég væri starfandi tónlistarmaður ef ég hefði séð fram á að geta lifað af því. En þó það hefði gengið upp hefði ég ekki getað verið á tónleikatúr í níu mánuði á ári. Það er bara eins og vera sjómaður og ég tek ofan fyrir sjómönum. Þeir vinna.“



**Reynir:** „Ég lærdi leikstjórn á Spáni og þar kynntist ég lífstakti sem ég hef reynt að tileinka mér á Íslandi. Á Spáni gengur allt hægar fyrir sig og þar vinnur fólk svo sannarlega til að lifa. Auðvitað verður hinn gullni meðalvegur að vera rataður en í lok dagsins þá verður lífið að hafa forgang. Sérstaklega fyrir mann eins og mig sem starfar við að búa til gerviveröld allan daginn, gerviveröld sem er bara til í hausnum á mér og nokkrum öðrum. Þar er allt fullkomið en það er ekki heimurinn sem ég vil búa í. Minn heimur er bara íbúðin míni vestur í bæ, konan míni, dóttir míni og hvað ég á að hafa í matinn í kvöld.“ ■

Í BRENNIDEPLI

# Breytingar á vinnumarkaði

## Breyttur lífsstíll kallar á breytingar á vinnumarkaði

Lengri lífslíkur, aukin atvinnuþátttaka kvenna ásamt breyttum lífsstíll hafa haft mikil áhrif á vinnumarkaðinn og verða áfram mikilvægir áhrifaþættir. Samkvæmt spá bandaríksa vinnumálaráðuneytisins mun störfum í Bandaríkjum fjölda um tæp 15% á næstu árum; eitt af hverjum fjórum nýjum störfum verður í fyrirtækjum í mennta- og heilbrigðisgreinum.

### Spáin fram til 2012

Bandaríksa vinnumálaráðuneytið hefur gefið út spá um þróunina á vinnumarkaði þar í landi fram til ársins 2012. Vinnumarkaðurinn í Bandaríkjum hefur tekið miklum breytingum á síðustu árum í takt við breytingar í þjóðfélaginu og ljóst að hann verður áfram breytingum háður. Þó bandarískur vinnumarkaður sé að mörgu leyti ólikur þeim íslenska getur framvínda málá þar í landi gefið áhugaverðar vísbindingar um þróunina annars staðar í hinum vestræna heimi.

### Aldraðir og konur krefjast breytinga

Störfum á bandarískum vinnumarkaði mun fjaðla um 21 milljón fram til ársins 2012 eða tæplega 15%. Fjölgunin verður mun meiri í þjónustugeiranum en framleiðslugeiranum, níutíu og sex af hverjum hundruð nýjum störfum verða til í þjónustugreinum. Mesta aukningin verður á sviði menntunar og heilsugæslu eða 32% að meðaltali þegar litioð er til yfirflokkja starfa og er það meiri aukning en á nokkru öðru sviði.

Meiri eftirspurn eftir starfsfólk i heilsugæslu og til félagslegrar aðstoðar helst í hendur við íbúaþróunina; fólk lifir lengur og hlutfall eldra fólks eykst á kostnað þeirra sem yngri eru. Konum mun fjaðla á vinnumarkaði hraðar en körlun og hefur það í för með sér aukna eftirspurn eftir leikskólagæslu. Að auki eru gerðar sífellt meiri kröfur um menntun á vinnumarkaði sem á móti kallar á fleira starfsfólk í menntageiranum.

### Stoðfyrirtækin og upplýsingatæknin á uppleið

Mesta aukning starfa í viðskiptaheiminum er í ráðgjafar- og stoðfyrirtækjum ýmis konar en störfum í þessum geira mun fjaðla um rúmlega 50% fram til ársins 2012. Fyrirtæki munu í auknum mæli reiða sig á upplýsingatæknina til að ná forskoti á markaðnum og verður því áfram fjaðun bæði í tækni- og þjónustuhluta þess geira. Til að mynda mun störfum í hugbúnaðarþróun og þjónustu henni tengri fjaðla um 55% og er það um þriðungur allra nýrra starfa í tækni- og vísindageiranum.

### Breyttar neysluvenjur kalla á fjaðgun starfa

Fólkfjölgun, breyting í neysluvenjum og sú staðreynd að á æ fleiri heimilum eru báðir aðilar útvinnandi skýrir að mestu fjaðgun starfa í veitingageiranum. Aukin velmegun, meiri frítími sem og fólkfjölgun liggja til grundvallar fleiri störfum í verslun en þar mun störfum fjaðla um 14% á næstu árum. ■





## Helmingur launþega greiðir í séreignarsparnað

Helmingur launþega greiddi í séreignarsparnað tekjuárið 2004 og hafði þeim fjölgæð um rúm 8% frá árinu áður. Þetta kemur fram í ágústhefti fréttabréfs fjármálaráðuneytisins og byggja þessar tölur á upplýsingum ríkisskattstjóra um álagningu á einstaklinga árið 2005.

Árið 2002 greiddu 43,4% þeirra sem greiða almennt lífeyrisiðgjald einnig í séreignarlífeyrissjóð, 46,5% árið 2003 og 50,2% í fyrra. Í fréttabréfinu kemur fram að meðallaunatekjur þeirra sem greiða í séreignarlífeyrissparnað séu lægri en hjá heildinni og bendi það til þess að þeir séu heldur yngri en meðaltalið.

## Konur í meirihluta – en körlum fjölgar í VR

Konur eru meirihluti félagsmanna VR eða 61%. Karlmannum hefur þó fjölgæð hægt og bítandi síðustu ár.

Árið 1988 voru félagsmenn rétt tæplega 11 þúsund talsins. Konur voru í miklum meirihluta eða 66%. Árið 2000 voru félagsmenn orðnir rétt tæplega 20 þúsund og fjöldi karla í félaginu orðinn jafnmikill og fjöldi kvenna var árið 1988, rúmlega sjö þúsund. Fyrir fimm árum voru karlarnir 37% af félagsmönnum. Nú eru rúmlega 22 þúsund fullgildir félagsmenn í VR, þar eru eru karlar 39%.

## VR er ungt félag



Mikill meirihluti félagsmanna, eða 66%, er fjörutíu ára eða yngri. Þar af eru 15% félagsmanna 20 ára eða yngri. Stærsti einstaki hópurinn, þegar litið er á aldur, er á aldrinum 21-30 ára eða 28% félagsins. Fólk eldra en 60 ára er um 4% af félagsmönnum.

Yngsti hópurinn vinnur að stærstum hluta í matvöruverslunum, stórmörkuðum, söluturnum og þess háttar verslunum og er helmingur þess fjölda félagsmanna sem vinnur á þeim vettvangi. Þegar á heildina er litið vinna 11% félagsmanna í þessum geira. Til gamans má geta þess að 7% félagsmanna vinna við samgöngu- og ferðamál og 6% við ýmsa sérhæfða þjónustu, s.s. lögfræði- og verkfræðipjónustu, á auglýsingastofum o.p.h. Þessar tölur miða við greiðslu félagsgjalda fyrir marsmánuð sem er sá mánuður sem er marktækastur, og stuðst er við atvinnugreinaflokkun Hagstofunnar.

## KYNNING

# Trúnaðarmenn VR hjá bílaumboðum



Hrannar Gíslason  
Bernhard ehf.



Jóhanna Sigurbjörg Rúnarsdóttir  
Bifreiðar & landbúnaðarvélar



Þórhildur Kristinsdóttir  
Brimborg ehf.



Jón Magnússon  
Hekla hf.

Bílafloti landsmanna er talsverður og því mörg störf viðkomandi sölu og innflutningi á bifreiðum. Nokkrir trúnaðarmenn eru starfandi hjá bílaumboðum og eru þeir hér með kynntir til sögunnar. Um leið viljum við hvetja félagsmenn til að kynna sér hver er trúnaðarmaður á vinnunstaðnum því hann gæti lumað á alls konar upplýsingum sem komið gætu starfsmönnum til góða. Ef ekki er trúnaðarmaður á þínum vinnustað og óskað er eftir kosningu, vinsamlegast hafið samband við **Elísabetu Magnúsdóttur** í síma 510 1700 eða á netfangið [elisabet@vr.is](mailto:elisabet@vr.is)

ER  
**TRÚNAÐARMAÐUR**  
**Á ÞÍNUM**  
**VINNUSTAÐ?**

# Námskeið fyrir trúnaðarmenn

## Verkefni og staða trúnaðarmanna

Gunnar Páll Pálsson, formaður VR

**20. september, 18. október, 15. nóvember, 17. janúar, 21. febrúar, 21. mars og 18. apríl, kl. 8:30-10:00.**

Námskeið fyrir nýja trúnaðarmenn. Farið er yfir það helsta sem skiptir máli í trúnaðarmannastarfina.

## Kjaramál og Efling trúnaðarmanna

**27. september, kl. 8:30-16:00**

### Kjaramál Fyrir hádegi

Farið yfir helstu atriði kjarasamninga eins og launaútreikning, veikindarétt, uppsagnarfrest, orlof og fleira.

### Efling trúnaðarmanna Eftir hádegi

Ólafur Þór Ævarsson geðlæknir og Kolbrún Ragnarsdóttir, fjölskylduráðgjafi  
Fræðsla um almennt um streitu, streituvarnir og bætt samskipti. Einnig er fjallað um álag og aðstæður í mannlegum samskiptum sem trúnaðarmenn þurfa að glíma við í stafi sínu.

## Að koma fram

Maria Ellingsen leikari

**4. október, kl. 8:30-12:30**

Á þessu námskeiði er unnið að því að minnka sviðskrekk og auka útgeilsun. Gerðar eru æfingar til að ná fram auknum hljóm í rödd, skýrleika í tal og slökun í hreyfingar. Farið yfir helstu gildrur í textasmíði, hvernig má varast þær og flytja textann þannig að hann verði lifandi, skemmtilegur og áhrifamikill.

## Sjóðir og þjónusta VR og Að laða fram það besta

**25. október, kl. 8:30-12:00**

Á þessu námskeiði verður farið yfir helstu þjónustuliði VR eins og sjúkrasjóð, orlofs-sjóð, starfsmenntasjóðina, atvinnuleysisbætur og Lífeyrissjóð verzlunarmanna.

## Að leysa ágreining

Ingrid Kuhlman ráðgjafi hjá

Þekkingarmiðlun

**8. nóvember, kl. 8:30-12:30**

Á námskeiðinu er fjallað um mismunandi aðferðir til að leysa ágreining. Þáttakendur greina eigin ágreiningsstíl og fara í hagnýtar æfingar til að þjálfá uppbryggi-lega hegðun í ágreiningi.

## Hagfræði og vinnumarkaðurinn

Ólafur Darri Andason, hagfræðingur

**22. nóvember, kl. 8:30-12:30**

Á þessu námskeiði eru kennið algeng hugtök hagfræðinnar. Farið er yfir helstu þjóðhagsstærðir og skýrt hvernig þær hafa innbyrðis áhrif. Skoðuð eru þau efnahagslegu atriði sem hafa áhrif á kjarasamninga og einnig efnahagsleg áhrif kjarasamninga.

## Kjaramál

**24. janúar, kl. 8:30-12:30**

Farið yfir helstu atriði kjarasamninga eins og launaútreikning, veikindarétt, uppsagnarfrest, orlof og fleira.

að þora að gera mistök, læra af þeim og takast á við gagnrýni.

## Efling trúnaðarmanna

Ólafur Þór Ævarsson geðlæknir og Kolbrún Ragnarsdóttir, fjölskylduráðgjafi

**14. mars, kl 8:30-12:00**

Fræðsla um almennt um streitu, streituvarnir og bætt samskipti. Einnig er fjallað um álag og aðstæður í mannlegum samskiptum sem trúnaðarmenn þurfa að glíma við í stafi sínu.

## Rekstrarhagfræði

Ólafur Darri Andason, hagfræðingur

**4. apríl, kl. 8:30-12:30**

Gerð verður grein fyrir hvernig nota má upplýsingar um rekstur fyrirtækis til að hafa áhrif á kjör starfsmanna. Kynnt verða hugtök úr rekstri s.s. hagnaður, framlegð, arður o.fl.

## Samtalstækni

Ingrid Kuhlman ráðgjafi hjá

Þekkingarmiðlun

**11. apríl, kl. 8:30-12:30**

Á námskeiðinu er farið í helstu atriði samtalstækni eins og að beita virkri hlustun, spurningatækni og sýna hluttekningu. Þáttakendur taka þátt í hagnýtum æfingum þar sem þeir tileinka sér aukna samtalsfærni.

Nánari lýsingu á námskeiðum er að finna á trúnaðarmannavefnum.

**Skráning á námskeiðin er í þjónustuveri VR í síma 510 1700.**



## ORLOFSMÁL

# Orlofsbúðir í Stykkishólmi

Nýr valkostur í vetur

VR hefur nú tekið á leigu tvær glænýjar orlofsbúðir á tveimur hæðum að Laufásvegi 23 og 25 í Stykkishólmi sem verða leigðar til félagsmanna í vetur frá og með 1. október.

Íbúðirnar eru staðsettar inni í miðjum bæ, nálægt sundlauginni. Komið er inn á efri hæð, þar er eldhús, stofa, borðstofa og eitt svefnherbergi. Hringstigi á neðri hæð þar sem eru tvö svefnherbergi og baðherbergi. Í stofu er sjónvarp, DVD og hljómlflutningstæki. Eldhúsið er vel búið tækjum auk örbylgjuofns og upphvottavélar. Svalirnar eru stórar, þar er heitur pottur og útigrill. Frír aðgangur að golfvellinum Mostra fylgir hverri íbúð.

Full þjónusta er í Stykkishólmi yfir vetrarmánuðina. Þar eru bakarí, veitingastaðir, matvöruverslun, gjafavöruverslun, bensínstöð, inni/úti sundlaug, bókasafn (internet) og myndbandaleiga svo eitthvað sé nefnt. Lyklar eru í lyklaskáp sem staðsettur er við inngang hússins. ■

Verð pr. helgi kr. 12.500, vikuleiga er kr. 22.900

## ORLOFSMÁL

# Fjarri borgarstressinu yfir helgi

### Vetrarleiga orlofshúsa

Leiga orlofshúsa og tjaldvagna VR hefur gengið vel í sumar og fjöldi félagsmanna notið náttúrunnar í góðu yfirlæti. Veturinn hefur líka sinn sjarma og gott að hvíla sig fjarri borgarstressinu yfir helgi. Þá eru húsin leigð yfir helgar, frá föstudagi og fram á sunnudagskvöld. Einnig er hægt að leigja húsin á virkum dögum, í lágmark 2 daga í senn, eða jafnvel heila viku. Reglan „fyrstur pantar fyrstur fær“ gildir á veturna en húsin eru þó ekki leigð lengra fram í tímann en tólf vikur.

Verð fyrir helgarleigu er 12.500 í húsum með heitum potti en kr. 9.500 annarsstaðar. Hægt er að panta beint á netinu [www.vr.is](http://www.vr.is) eða hringja í þjónustuver VR í síma 510 1700. Einungis fullgildir félagsmenn VR geta bókað hús.

Athugið að húsin í Ölfusborgum (Kristján og Júlíana 483 4260) og á Einarsstöðum (Guðni og Gyða 471 1734 og gsm 861 8310) eru leigð út af rekstrarfélögum viðkomandi staða. ■

#### Hús og íbúðir í boði í vetur:

Flúðir  
Miðhúsaskógr  
Vaðnes  
Kirkjubæjarklaustur  
Húsafell  
Stykkishólmur  
Varmahlíð  
Akureyri



#### Leigt á vegum rekstraraðila:

Ölfusborgir  
Einarsstaðir



## Heitt summar á sólarströnd


Sala orlofsferða  
í sólina gekk vel í summar



Fjöldi fjölskyldna sólaði sig á Krít, Mallorca og Calpe í summar á vegum VR, en hægt var að kaupa tveggja vikna ferðir á hagstæðu verði. Sumarið var nokkuð heitt en virtist það ekki koma að sök því almenn ánægja var með alla áfangastaðina og engin áföll svo heitið geti.

Laufey Eydal hjá þjónustuveri VR sagði aðspurð að hægt hefði verið að anna eftir-spurn að mestu og væri það alltaf ánægjulegt þegar tækist að gleðja félagsmenn. Þó hefðu nokkrir hringt síðla sumars eftir að rigningin tók að hrjá höfuðborgarbúa og orðið frá að hverfa. „Við vonum bara að þeir hafi getað bjargað sér öðruvísi,“ sagði Laufey. Myndina tók Gunnar Kr. Íjósmyndari í stemningunni á Krít í summar.

# krossgáta



	LOÐIN	BERG-MALA V SNAGA	AFLOKA V LAUMA	FÆÐI	SKIP-ADI NIDUR
HÆDIR	4				
AFELL-AST VAXA					15
GLOPP-UR	29			10	
KJÄFT-AR					
SÁR	3				
GLUF-UR					
GRÓÐ-URINN					
STAF-GERD + UGGLA					
SKYN-FÆRA	12	ÓVIT-LAUST GESIN			
SVELC-UR + GAGNA	23				
PEKKT + EIGAN-AST	7				
BLDM	SÝLL EKIL	SNÍKTU-DÝRS EYDDUR	HNOSS 'AKAF-UR		
NYTTA-LÖND STYGG-AST					HEITI
KONA	2	VAL-KYRJA BYRDIN	LEIK-SVID DÝIN	BURT	
HAF	MÁLFR-EBISKSE SKORT-URINN	1 AFSVAR SIVNN-ANDI			
HRYBJA + GRAT- SÓÐIÐ	>			PREYTA	14 POKA V AÐ
HEY-DREIF-AR		GREINIR ÓDRÖÐIN	BLOÐ-SUGAN SKYLD-UR		21
SKUSS-INN	↓			UXI BEIN	20
HLLUNN-INDI		GRÍPA EFNIS-LITLAR	SEX FERSK-AN	19	DÖPUR V TIL SÖLU
AD-GÆTA	24	GALDRA-KERL- INGUNA ÓSKA	28	BELTI FLSÓT	
SKAP-RAUN-AR		SKOR-DÝR SYNCUR	NEST-UHM NÝTT	5	
GREINIR + OFNAR	>		16 GELU-NAFN VÍNDUR		
AMBATT		GLIONNA + TIL SPSALD	18 FLENN-AN	LUGGIN TÓM	
YLFRAR	13	SAUR SKOTT	8 BÓK-STAFUR ÖRG		27 FRAM-GJARNF
ELDI-VIÐ		GENCUR HEAT EINNIG	26 HAFN-SÖCU-MENN	SKÝ-LAUS	6
SKSÖGR-ADI	9	HEST-UR	26 NERRI PVÍ	27 ÞVEIR EINS RÉTT	
			11 SMÁ-HER-BERGI		30



## Verðlauna-krossgáta kr. 8000

Lausn krossgátunnar í júlíblaðinu var málshátturinn: „Örbirgan vantar margt en á gjarnan allt“. Fjöldi lausna barst eins og venja er til en hlutskarpastur varð að þessu sinni Hilmar Bjarki Snorrason og hefur hann fengið vinninginn kr. 8.000. Hilmar Bjarki starfar á lager hjá BYKO og hefur gert undanfarin fimm ár meðfram námi en hann stundar nú nám í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands.

Lausnin í krossgátunni hér til hliðar er einnig málsháttur. Síðasti móttökudagur lausna er 15. október nk. Vinsamlegast látið kennitölu fylgja og skrifð „krossgáta“ utan á umslagið.

Utanáskriftin er: VR-blaðið, Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7, 103 Reykjavík. Einnig er hægt að senda lausnina á vr@vr.is

ORLOFSMÁL

# Útivera og pottabusl

## Heimsókn í Miðhúsaskógi



Frændurnir Hinrik Pétur og Davíð í góðum gír.



Jóhann Óskar Haraldsson og Anna Guðmundsdóttir með yngri soninn Harald Leó.

### VR blaðið heimsótti

**Miðhúsaskógi í blíðskaparveðri í ágúst og hitti þar fyrir two litla peyja sem voru að leika sér úti í sólinni. Í ljós kom að þeir voru frændur og voru búinir að vera í viku í Miðhúsaskógi með fjölskyldunni.**

Jóhann Óskar Haraldsson og kona hans Anna Guðmundsdóttir gistu bústað nr. 9 ásamt sonum sínum Hinrik Pétri sem verður fjögurra ára í nóvember og Haraldi Leó sem er að verða 9 mánaða. Fleiri fjölskyldumeðlimir voru í heimsókn og nutu veðurblíðunnar. „Þetta er í fyrsta skipti sem við erum hérna í

Miðhúsaskógi og áttum mjög góða viku. Við höfum áður verið á Flúðum einnig í góðu yfirlæti,” sagði Jóhann sem hefur unnið við endurskoðunarstörf hjá Deloitte hf. sl. fimm ár. „Við höfum áhuga á golfi og erum aðeins búin að fara með Hinrik með okkur í golf. Við fórum t.d. á Úthlíðarvölliinn um daginn, annars hafa dagarnir liðið við útiveru og pottabusl með börnunum,” sagði Jóhann. Þau hjónin ætluðu svo að eyða nokkrum dögum í Brekkuskógi fyrir sumarlok áður en vinnan tæki við aftur, endurskoðunin hjá Jóhanni en Anna er hefja meistaránám í mannaudsstjórnun í HÍ. Það verður því nóg að gera hjá fjölskyldunni í vetur. ■

## Stóri-Kambur og Skyggnisskógor seldur



Búið er að selja jörð og orlofshús VR að Stóra-Kambi á Snæfellsnesi og í farvatninu er að selja orlofshús félagsins í Skyggnisskógi og parhús á Kirkjubæjklaustri. Ástæða þess er að stjórni VR vill freista þess að ná fram betri nýtingu á fjármunum félagsins félagsmönnum til hagsbóta. Á þessum stöðum hefur kostnáður verið meiri en við önnur orlofshús félagsins og/eða nýting lakari. Gerð var könnun á því hvort hagkvæmt væri að skipuleggja orlofssvæði að Stóra-Kambi og selja til félagsmanna en lóðarverð reyndist vera of hátt og því var hætt við þessar framkvæmdir. Verið er að skoða ýmsa möguleika varðandi leigu á orlofshúsum í kjölfar þessarra eignabreytinga því ekki er ljóst hver áhrif „VR-varasjóðsins“ (sjá bls. 24) verða á eftirspurn eftir orlofshúsum í framtíðinni. Því viljum við fremur leigja en eiga orlofshús á þessum tímamótum hjá félagini.



## Ætti hann líka að fá 20% lengra sumarfrí bara af því hann er karlkyns?

Kynjabundinn launamunur á Íslandi er nú að meðaltali um 20%.

Gerð þú þitt til að breyta því.

Sömu laun fyrir sömu vinnu!

[www.vr.is](http://www.vr.is)

Starf okkar  
eftir  
þitt starf

**VR**